

ATVINNUUPPBYGGING Í AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLU



Verkefnisstjórn

A-Hún.

Maí 2015

1.0	Inngangur.....	2
2.0	Samantekt	3
3.0	Niðurstöður.....	5
4.0	Svæðismörk og staðhættir	6
4.1	Landlýsing.....	6
4.2	Samgöngur	7
4.3	Vinumarkaður	7
4.4	Vinnusóknarsvæði.....	8
4.5	Launatekjur og hagsæld	9
4.6	Íbúápróun	9
4.7	Aldurssamsetning.....	12
4.8	Innviðir.....	13
4.9	Atvinnulíf.....	14
4.10	Menning og menntun	15
4.11	Skipulagsmál og landnotkun	17
4.12	Auðlindir	19
4.13	Veðurfar	20
4.14	Jarðfræði.....	21
5.0	Nýiðnaður	23
5.1	Gagnaver	23
5.2	Álver	27
5.3	Smærri iðnaður.....	28
5.4	Lífdísill.....	31
5.5	Ávinningur af nýiðnaði fyrir samfélagsþróunina	32
6.0	Blönduvirkjun.....	33
6.1	Undirbúningur og framkvæmd	33
6.2	Nýjar virkjanir á veituleiðinni frá Blöndulóni í Gilsvatn	35
6.3	Flutningskerfi raforku	38
7.0	Tengsl við byggðastefnu stjórnvalda	39
8.0	Sýn á framtíðarþróun atvinnulífs	40
8.1	Fundur í Blönduvirkjun 28. nóvember 2014	40
8.2	Umfjöllun um sýn á framtíðarþróun atvinnulífsins	42
	Viðauki 1: Íbúápróun 1998-2014	44
	Viðauki 2: Fundur í Blönduvirkjun 28. nóvember 2014	47
	Viðauki 3: Iðnfyrirtæki í Austur-Húnavatnssýslu	52

1.0 Inngangur

Greinargerð þessi um atvinnuuppbyggingu í Austur-Húnavatnssýslu byggist á þingsályktun Alþingis frá 15. janúar 2014 um átak stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu til atvinnuuppbyggingar. Þingsályktunin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á samstilltu átaki stjórnvalda og sveitarfélaga í Austur-Húnavatnssýslu um eflingu atvinnulífs og sköpun nýrra starfa á Norðurlandi vestra með nýtingu raforku sem framleidd er í Blönduvirkjun. Markmiðið með áttakinu er að efla samkeppnishæfni svæðisins og undirbúa það fyrir þá uppbyggingu sem fylgir orkunýtingu Blönduvirkjunar og jafnframt vinna að markaðssetningu svæðisins sem iðnaðarkosts, svo sem fyrir gagnaver.“

Á grundvelli ályktunarinnar var skipuð verkefnisstjórn með fulltrúum sveitarfélaganna fjögurra í Austur-Húnavatnssýslu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Verkefnisstjórnin er þannig skipuð:

Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar, formaður verkefnisstjórnar,
Adolf H. Berndsen, oddviti Sveitarfélagsins Skagastrandar,
Dagný Rósa Úlfarsdóttir, varaoddviti Skagabyggðar,
Sigrún Hauksdóttir, varaoddviti Húnavatnshrepps,
Sveinn Þorgrímsson, yfirverkfræðingur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Greinargerðin er unnin af verkefnisstjórninni í samvinnu við Snorra Björn Sigurðsson, starfsmann Byggðastofnunar og Ingiberg Guðmundsson, starfsmann Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Tilgangur greinargerðarinnar er að gefa yfirlit um stöðu atvinnumála og mannlífs í Austur-Húnavatnssýslu, tengsl þess við raforkuframleiðslu í héraðinu og draga ályktanir sem nýst geta til að efla atvinnu og styrkja byggðina. Greinargerðin gegnir einnig því hlutverki að hafa tiltækar grunnupplýsingar sem nýst geta við gerð kynningarefnis fyrir fjárfesta og aðra þá sem stofna vilja til atvinnureksturs í héraðinu.

Meginniðurstaða greinargerðarinnar er að fyrirhuguð stækkun Blönduvirkjunar skapar góðar forsendur fyrir nýtingu orku frá virkjuninni í þágu atvinnuuppbyggingar í Austur-Húnavatnssýslu. Hagnýting orku í heimahéraði hefur verið viðurkennd meginregla í samskiptum heimamanna og virkjunaraðila seinasta aldarfjórðung. Því verður að telja eðlilegt að öll orka Blönduvirkjunar nýtist í þágu heimamanna.

Austur-Húnavatnssýsla er vel í sveit sett og getur boðið fjárfestum kjöraðstæður fyrir atvinnustarfsemi í góðu umhverfi utan virka eldfjallasvæðisins í hæfilegri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.



2.0 Samantekt

Austur-Húnavatnssýsla er vel staðsett á milli Reykjavíkur og Akureyrar og er auðvelt að sækja þjónustu til beggja þessara megin þéttbýlisstaða landsins. Vinnusóknarsvæði Blönduós og Skagastrandar nær yfir Húnaþing allt og Skagafjörð. Nýr stór iðnaðarkostur mun þjóna þessum þremur héruðum og leggja sitt af mörkum til vaxtar þeirra allra. Á sama hátt mun vinnustaðurinn njóta starfskrafta af sama svæði. Innan þess er t.d. Háskólinn á Hólum í Hjaltadal, sem er einn af fjórum opinberum háskólum á Íslandi og öflugur framhaldsskóli á Sauðárkróki. Atvinnuleysi er lítið en það skýrist af miklum brottflutningi íbúa sem hefur verið viðvarandi um langt skeið.

Í Austur-Húnavatnssýslu eru fjögur sveitarfélög; Blönduós, Húnavatnshreppur, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd. Aðalskipulag þeirra liggur fyrir. Þar er framtíðarsýn um fyrirhugaða þróun byggðar og atvinnulífs. Landrými er mikið og innviðir vel þróaðir, t.d. veitur og fráveitumál.

Öll sveitarfélögin bjóða upp á landrými fyrir margvíslega iðnaðarkosti. Í Skagabyggð er t.d. gert ráð fyrir stóru iðnaðarsvæði í landi Hafursstaða. Á Blönduósi er gert ráð fyrir nýiðnaðarsvæðum með umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi, t.d. orkufrekum iðnaði og fyrirtækjum í matvælaíðnaði. Hitaveita er frá lágheitsvæðinu á Reykjum í Húnavatnshreppi, sem fyrst og fremst er nýtt til húshitunar en getur einnig nýst fyrir iðnað. Flugvöllur er á Blönduósi og hafnir á Skagaströnd og Blönduósi.

Austur-Húnavatnssýsla býr yfir miklum náttúruauðlindum. Héraðið er gjöfult landbúnaðarsvæði og sjávarútvegur á sér langa hefð. Orka á vatnasviði Blöndu er mikilvæg auðlind sem þarf að nýtast íbúum og atvinnulífi í meira mæli en hingað til enda getur hún skipt sköpum fyrir framtíðarþróun samfélagsins. Austur-Húnavatnssýsla er að mestu utan jarðskjálftabeltisins sem er kostur út frá hönnun mannvirkja og rekstri iðjuvera.

Staðsetning gagnavera í Austur-Húnavatnssýslu er álitlegur kostur. Tiltæk umhverfisvæn orka frá Blönduvirkjun skiptir þar höfuðmáli og stutt er í spennustöð við byggðalínu. Hætta af eldvirkni, jarðskjálftum og flóðum er nánast engin. Loftslag er hentugt vegna kælingar og öll almenn og sértæk þjónusta er til staðar innan 50 km fjarlægðar.

Þann 17. mars 2015 var undirrituð viljayfirlýsing milli sveitarfélaganna í A-Hún. og Klappa Development um hagkvæmniskönnun á byggingu álvers við Hafursstaði. Skoðaður verður fýsileiki á 2 x120 þúsund tonna álframleiðslu. Um 200 MW þarf til framleiðslu á 120 þús. tonnum af áli, starfsmenn yrðu um 200 og álfka fjöldi í afleiddri starfsemi.

Aukin afleidd starfsemi vegna smærri iðnaðar mun einnig leiða til bættrar afkomu alls atvinnulífsins og auknar tekjur íbúa munu auka eftirspurn eftir vöru og þjónustu víðsvegar í samfélaginu með augljósum hag fyrir alla. Ekki er ólíklegt að með hverju nýju starfi í frumframleiðslu verði a.m.k. til annað í afleiddri og óbeinni starfsemi. Grunnstoðir samfélagsins munu styrkjast og snúast úr samdrætti í vöxt.

Framleiðsla lífðísils er t.d. hentugur iðnaðarkostur. Lífðísill er endurnýjanlegur orkugjafi sem losar lítið magn af gróðurhúsalofttegundum og brotnar auðveldlega niður í náttúrunni. Talið er að unnt sé að afla um 5.000 tonna af fitu úr nærliggjandi

afurðastöðvum á hagkvæman hátt. Framleiðsla á lífdísil hentar ágætlega sem viðbót við þá starfsemi sem fyrir er og nálægð við hráefni styður vel við hugmyndina.

Með auknum ferðamannastraumi til landsins verða til fjölmargir nýir valkostir í ferðapjónustu. Einn þeirra er svokölluð „slow travel“ ferðamennska sem talinn er henta vel fyrir þetta svæði. Ferðapjónusta í A-Hún. hefur ekki vaxið í takti við aukinn fjölda ferðamanna svo þörf er á verulegri uppbyggingu á þessu sviði.

Í Austur-Húnavatnssýslu eru starfandi þrjú rannsókn- og þekkingarsetur samtals með um 10-11 stöðugildi. Rannsóknir beinast fyrst og fremst að lífríki sjávarins, textíl, strandmenningu og laxfiskum. Við þessi setur starfa fyrst og fremst vel menntaðir starfsmenn með sérhæfingu á sínum sviðum. Aukinn stuðningur við þessi setur myndi styrkja starfsemi þeirra og stuðla að staðsetningu starfa út á landi.

Með lagningu ljósleiðara og annarri tækni skiptir æ minna mæli hvar margs konar þjónusta er staðsett. Því er t.d. mjög mikilvægt að stjórnvöld hugi vel að því hvar opinber þjónusta er sett niður þegar ný störf eða stofnanir verða til á því sviði.

Á byggingartíma Blönduvirkjunar var talið eðlilegt að flytja raforku landshorna á milli til að sinna nýjum stórnotendum. Síðar komu fram ný viðhorf sem hverfðust um möguleika á nýtingu orkunnar nærri virkjunarstað enda væri það hagkvæmara í stofnkostnaði og rekstri, ásamt með auknum skilningi fyrir mikilvægi byggðasjónarmiða. Frá 1999 hafa langflutningar raforku til fjarlæggra notkunarstaða ekki verið uppi á borðum.

Í fyrstu áætlunum um virkjun Blöndu urðu til hugmyndir um virkjun 69 m falls á 25 km veituleið frá Blöndulóni í Gilsárlón. Landsvirkjun áformar nú að reisa allt að þrjár virkjanir á veituleiðinni með uppsett afl alls um 31 MW sem mun auka orkugetu raforkukerfisins um 194 GWh/ári. Auk þess er hugmyndir um að byggja vindorkugarð við Kolkustíflu.

Stefna stjórnvalda síðasta aldarfjórðunginn hefur beinst að aðgerðum á svæðum þar sem veruleg röskun hefur orðið á atvinnuháttum og búsetu. Á grundvelli þessa hefur verið lögð áhersla á að nýjum orkufrekum iðnaði verði fundinn staður í nálægð við orkuöflunarsvæði iðnaðarins.



3.0 Niðurstöður

1. Langtíma fækkun íbúa og samdráttur í atvinnulífi Austur-Húnavatnssýslu stefnir í að héraðið verði ekki sjálfbært um margskonar þjónustu og grunnstarfsemi.
2. Efling þess atvinnulífs sem er til staðar mun ekki ein og sér hafa þau áhrif á íbúa- og atvinnuþróun að hún nægi til að skapa nauðsynlegan vöxt. *Mun meira þarf til.*
3. Mikilvægt er að vinna að nýsköpun og þróun atvinnulífsins á breiðum grunni með áherslu á sérstöðu og sóknarmöguleika héraðsins.
4. Íbúar Austur-Húnavatnssýslu hafa ekki notið virkjunar Blöndu á sambærilegan hátt og mörg önnur héruð hafa notið orkulinda sinna.
5. Orka frá Blönduvirkjun, nýjum virkjunum á veituleið hennar og vindorkugarði við Kolkuhól þarf að nýtast íbúum Austur-Húnavatnssýslu til uppbyggingar iðnaðar í héraðinu.
6. Ef tekst að ljúka samningum og leyfisveitingum heimamanna og tryggja traustan iðnrekanda og orkukaupanda fyrir mitt ár 2016 gæti orka frá skurðvirkjunum Blönduvirkjunar nýst til atvinnuuppbyggingar í Austur-Húnavatnssýslu fyrir árslok 2018.
7. Gagnaver eru talin heppileg fyrir iðnaðaruppbyggingu í Austur-Húnavatnssýslu þar sem þau eru ekki háð staðsetningu. Héraðið er sérstaklega heppilegt vegna tiltæktrar vistvænnar orku, aðgengi að háhraða ljósleiðarakerfi og jarðfræðilegrar óvirkni. Skilgreining á „stórnotenda“ raforku eru hins vegar íþyngjandi fyrir uppbyggingu meðalstórra gagnavera.
8. Viðræður um byggingu og rekstur álvers í landi Hafursstaða í Skagabyggð eru á byrjunarstigi. Þar er nægt landrými fyrir stór iðnfyrirtæki. Nauðsynlegt er einnig að kanna fleiri valkosti í orkufrekum iðnaði.
9. Framleiðsla á lífdísil úr dýrafitu er hentugur og umhverfisvænn kostur í smærri iðnaði þar sem mikið hráefni fellur til í sýslunni og nálægum héruðum. Meta þarf hagkvæmni byggingar og reksturs lífdísilverksmiðju.
10. Aukin uppbygging ferðaþjónustu í héraðinu skapar fleiri störf, bæði tímabundin og á ársgrundvelli.
11. Efling rannsóknar- og þekkingarsetra í A-Hún. býður upp á fleiri valkosti í atvinnulegu tilliti.
12. Lagning háhraða ljósleiðara og aukin tækni bjóða upp á fleiri valkosti við staðsetningu margvíslegrar opinberrar þjónustu.
13. Mikilvægt er, í framhaldi af gerð þessarar skýrslu, að útbúin verði nauðsynleg gögn til að kynna Austur-Húnavatnssýslu innan- og utanlands sem álitlegan valkost við staðsetningu smærri og stærri iðnaðarkosta.
14. Staðsetning iðjuvers í Austur-Húnavatnssýslu gefur tilefni til að skoða sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

4.0 Svæðismörk og staðhættir

4.1 Landlýsing

Austur-Húnavatnssýsla er við austanverðan Húnaflóa inn af Húnafirði á milli Vestur-Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu. Stærð sýslunnar er um 4.295 km². Austur- og Vestur-Húnavatnssýslur eru oft nefndar Húnaþing. Sýslumörk eru við Gljúfurá að vestan en að austan ræður lína frá Skagatá í Hofsjökul. Tveir þéttbýlisstaðir eru í sýslunni; Blönduós sem er fyrst og fremst iðnaðar- og þjónustubær og Skagaströnd sem er útgerðar- og þjónustubær. Þar eru einnig tveir landbúnaðarhreppar; Húnavatnshreppur, sem nær yfir suðurhluta sýslunnar og Skagabyggð á vestanverðum Skaga.



Mynd 1. Svæðismörk og sveitarfélög í Austur-Húnavatnssýslu

Inn af láglendum sveitum Austur-Húnavatnssýslu ganga dalir. Helstir eru Vatnsdalur, sem er vestast, þá Svínadalur, Langidalur og í framhaldi af honum Blöndudalur, austast eru Laxárdalur og Svartárdalur. Stærstu vötn eru Hópið (44km²), Langavatn (3,5km²), Flóðið (2,8km²), Húnavatn (6km²), Svínavatn (11,8km²) og Blöndulón (56km²). Á utanverðum Skaga og upp af sveitunum ganga víðáttumikil heiðalönd á borð við Skagaheiði, Grímstunguheiði, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Nokkrar af þekktustu veiðiám landsins setja mark sitt á sýsluna. Meðal þeirra eru Blanda, Svartá, Laxá á Ásum, Vatnsdalsá og Laxá á Refasveit.

Sýslan er öll gróðursæl og víða heppileg til skógræktar. Gróið land innan sýslumarka er talið vera alls um 1.384km² eða 28% af flatarmáli hennar. Vegna hagstæðra gróðurskilyrða er sýslan mikið landbúnaðarhérað.

4.2 Samgöngur

Þjóðvegur 1 liggur í gegnum Austur-Húnavatnssýslu frá Gljúfurá í vestri þvert yfir mynni Vatnsdals og til Blönduóss. Þaðan liggur vegurinn um Langadal og upp á Vatnsskarð til Skagafjarðar. Af þjóðvegi 1, rétt austan Blönduóss liggur Skagastrandarvegur (74) til norðurs til Skagastrandar og af Skagastrandarvegi, miðja vegu á milli Blönduóss og Skagastrandar, er svo Þverárfjallsvegur (744) sem liggur til Sauðárkróks. Frá Blönduósi liggur Svínvetningabraut (731) til suðurs inn Ása til Blöndudals og kemur þar á Kjalveg (35) sem opnar leið að Blönduvirkjun, suður á Hveravelli og til Suðurlands að sumri.

Daglegar rútuferðir, kvölds og morgna, eru á milli Akureyrar og Reykjavíkur með viðkomu á Blönduósi og Sauðárkróki og tengingu við Hvammstanga og Skagaströnd.

Nokkrar vegalengdir frá Blönduósi	
Nafn staðar	Fjarlægð í km
Akureyri	144
Blönduvirkjun	39
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	288
Grundartangi	200
Hólar í Hjaltadal	78
Húnavellir	19
Hvammstangi	58
Hveravellir	109
Reykjavík	244
Sauðárkrókur	47
Skagaströnd	23
Varmahlíð	50

4.3 Vinnumarkaður

Atvinnuleysi á Norðurlandi vestra var 1.8% að meðaltali árið 2013 og var það minnsta á landinu. Á sama tíma var meðaltals atvinnuleysi á landinu öllu 4.2% en 3.8% á landsbyggðinni. Í lok nóvember 2014 voru 13 á atvinnuleysisskrá á Blönduósi, 6 á Skagaströnd, 3 í Húnavatnshreppi og enginn í Skagabyggð eða alls 22 í Austur-Húnavatnssýslu. Skýring á litlu atvinnuleysi er sá mikli brottflutningur íbúa sem hefur verið viðvarandi um langt skeið og sést vel á íbúaþróun sem er ein hin óhagstæðasta á landinu.

Upplýsingar um atvinnuþátttöku eru einungis tiltækar fyrir höfuðborgarsvæðið annars vegar og svæðið utan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Atvinnuþátttaka var 82,1% á höfuðborgarsvæðinu árið 2014 en 80,3% utan þess. Atvinnuþátttaka kvenna á landinu öllu var óbreytt á árunum 2008 til 2014 eða um 78% en atvinnuþátttaka karla á landinu öllu lækkaði úr 87% í 85% á sama tímabili. Hlutfall fólks á aldrinum 20-39 ára af heildarmannfjölda á landinu hefur lækkað um 1,8 prósentustig á síðasta aldarfjórðungi en á Norðurlandi vestra er lækkunin um 3 prósentustig. Þetta endurspeglar að hlutfall eldri

árganga er almennt að vega þyngra og að landshlutinn hefur ekki náð að halda fólki á aldrinum 20 - 39 ára.


Ekki eru til tölur um stærð vinnumarkaðar í Austur-Húnavatnssýslu. Með því að nota viðmið Hagstofunnar um atvinnuþátttöku á landsbyggðinni má áætla að fjöldi starfandi á svæðinu sé um 1.060 manns. Sé horft til þess svæðis sem er í innan við klukkustundar akstursfjarlægð frá Blönduósi má áætla að fjöldi starfandi sé um 4.100 manns.

4.4 Vinnusóknarsvæði

Byggðastofnun hefur gert kort af vinnusóknarsvæðum landsins. Það skilgreinir og sýnir vinnusóknarsvæði út frá þéttbýlisstöðum með 200 íbúa og fleiri sem íbúar nágrannasveitarfélaga sækja vinnu til daglega, s.k. daglegar vinnusóknir, sem afmarkast af vegalengdinni sem fólk ferðast til og frá heimili og vinnustaðar. Skiptingin tekur mið af stöðu vinnusóknar og þeim atvinnufyrirtækjum sem þar eru.

Sameiginlegt vinnusóknarsvæði Skagastrandar og Blönduós nær um allar byggðir Húnaþings og Skagafjarðar en þá er miðað við um einnar klst. ferðamörk á milli vinnustaðar og heimilis. Stór iðnaðarkostur á Blönduósi eða Hafursstöðum mun þannig geta þjónað öllum þessum þremur sýslum og lagt sitt af mörkun til vaxtar þeirra allra. Á sama hátt mun vinnustaðurinn njóta starfskrafta af öllu þessu svæði.

Verði stórum iðjukosti valinn staður í Austur-Húnavatnssýslu gefst tækifæri til að skoða gaumgæfilega kosti þess og galla að ráðast í stóra sameiningu sveitarfélaga á vinnusóknarsvæði hins væntanlega iðjuvers.



Mynd 2. Vinnusóknarsvæði.

4.5 Launatekjur og hagsæld

Samkvæmt upplýsingum úr Árbók sveitarfélaga 2014 er útsvarsstofn á íbúa í Austur-Húnavatnssýslu árið 2013 kr. 2.636.000 að meðaltali en það ár var landsmeðaltalið kr. 3.152.000. Hæstur er útsvarsstofninn á Skagaströnd, kr. 3.778.000 en lægstur í Skagabyggð, kr. 1.984.000. Útsvarsstofninn gefur vissulega ekki nákvæma mynd af atvinnutekjum þeirra sem á vinnumarkaði eru því það er misjafnt eftir sveitarfélögum hversu stór hluti íbúa er virkur á vinnumarkaði. Hann er þó vísbending um tekjustig viðkomandi svæðis.


Álagt útsvar 2014 vegna launa 2013				
(Þúsundir króna, íbúafjöldi 1.1.14)				
Svnr.	Heiti sveitarfélags	Íbúa fjöldi	Útsvars stofn	Útsvars stofn á íbúa
5604	Blönduósþéttbær	881	2.458.861	2.791
5609	Sveitarfélagið Skagaströnd	498	1.881.370	3.778
5611	Skagabyggð	98	194.409	1.984
5612	Húnavatnshreppur	409	986.139	2.411
Alls/ Meðaltal Austur-Hún.		1.886	5.520.780	2.927
Alls/ Landsmeðaltal		325.671	1.026.456.303	3.152
Heimild: Árbók sveitarfélaga 2014				

Þáttatekjur á mann lýsa verðmætasköpun sem birtist í formi launa og afkomu fyrirtækja og birtast í milljónum kr. á íbúa. Á Norðurlandi vestra hafa þáttatekjur á mann vaxið um 6% á tímabilinu 2001 til 2008. Það telst til þeirra svæða þar sem vöxtur hefur verið hvað minnstur. Til samanburðar hafa þáttatekjur á Vestfjörðum vaxið um 28% á sama tímabili.

4.6 Íbúafróun

Árið 1901 voru íbúar í Austur-Húnavatnssýslu 2.234. Þeim fjölgaði um 300 næstu 90 árin og voru 2.542 árið 1990. Árið 2000 hafði þróunin snúist við. Á þessum tíu árum fækkaði íbúum um rúmlega 500 manns eða um 20%, niður í 2.021 íbúa. Fækkunin hélt áfram eftir 2000 og árið 2014 voru íbúar Austur-Húnavatnssýslu 1.886. Íbúafækkunin frá 1990 var þá orðin 653 sem samsvarar um fjórðungi íbúanna á aðeins 23 árum. Miðað við íbúafróun frá 1901 hefur íbúum fækkað um 345, þ.e. öll fjölgun á tuttugustu öldinni hefur þurrkast út og rúmlega það.

Íbúafróun í Austur-Húnavatnssýslu á tuttugustu öldinni og í byrjun þeirrar 21. sýnir flest einkenni þróunarinnar á landsbyggðinni á þessum tíma. Fram til 1920 eykst íbúafjöldinn í A-Hún. með aukinni velsæld en fækkar svo snarlega á tuttugu ára tímabili eftir það, á hinum svokölluðu bann- og kreppuárum. Þá tekur aftur við hægfara fjölgun sem nær hámarki á áratugnum 1980-1990. Eftir það hallar hratt undan fæti eða um tæp 25% á aðeins 20 árum og í lok árs 2014 eru íbúar Austur-Húnavatnssýslu rúmlega 15% færri en árið 1901, sjá mynd 3.



Mynd 3. Íbúabróun í Austur-Húnavatnssýslu 1901-2014.

Þróunin er hins vegar mjög mismunandi innan svæðisins. Um aldamótin 1900 búa um 90% íbúanna í *sveitum*. Þeim fækkar hins vegar eftir 1920 og eru nú aðeins um 30% íbúanna. Ástæður eru eflaust margar en helstar þó kreppuárin 1920-1940 og svo aukin vélvæðing sem krafðist æ færri handa við störfin. Þá breyttust neysluvenjur með breyttum kröfum neytenda sem leiddi til umframframleiðslu. Kynslóðaskiptin í landbúnaði eru hæð og erfitt er að kaupa sig inn í búrekstur. Í stórum dráttum hefur þróunin leitt til þess að bújörðum fer fækkandi og þær stækka til að mæta þörf fyrir aukna framleiðni.



Íbúum í útgerðarbænum á *Skagaströnd* fjölgaði jafnt og þétt til 1940 og eru þá 315 talsins en með byggingu síldarverksmiðju og stórhuga uppbyggingaráformum tvöfaldaðist íbúafjöldinn á einum áratug og fór í rúma 600 íbúa. Uppbyggingin gekk hins vegar ekki eftir og við tók tuttugu ára stöðnunartímabil með minnkandi íbúafjölda. Með kaupum á stærri skipum um 1970, togaravæðingu, rækju- og skelvinnslu o.fl. kemur aftur vaxtartímabil fram yfir 1990. Eftir það koma brestir í útgerðina, fisk-, skel- og rækjuvinnsla hverfur smám saman og að lokum missa heimamenn eignarhaldið á togarautgerðinni. Á þessu síðasta tímabili, 1990-2014, fækkar íbúunum um nær 30%.




Þróunin á *Blönduósi* er töluvert önnur, þar fjölgar íbúum jafnt og þétt fram til 1990. Á þessum tíma er þjónustan við sveitirnar í öndvegi og bærinn verður smám saman miðstöð sýslunnar, með sterku kaupfélagi, sláturhúsi, mjólkursamlagi, sjúkrahúsi og annarri opinberri þjónustu. Eftir 1970 er fjölgunin þó hraðari en áður, m.a. er útgerð og rækjuvinnsla komið á fót og bygging Blönduvirkjunar er í fullum gangi. Þá nær íbúafjöldinn hámarki og eru



1.115 manns búsettir þar árið 1985. En með hnignandi kaupfélagsrekstri, samdrætti í landbúnaði, minnkandi útgerð og minni þjónustu fækkar íbúunum um 21% eftir það og eru nú um 880. Þó hafði Engihlíðarhreppur sameinast Blönduósbæ árið 2002.

Áhrif Blönduvirkjunar á íbúapróunina voru nokkur meðan á byggingu virkjunarinnar stóð en hafa síðan verið lítil. Þar starfa að jafnaði um 10 manns árið um kring

Íbúapróun má sjá á mynd 4. Skagaströnd og Blönduós byggðust upp lengi framan af. Á Blönduósi var nær samfellt vaxtarskeið fram yfir 1980. Fjölgunin var hægfara upp á við og síðan niður á við á næsta áratug en þá tók við hægur samdráttur sem leitaði jafnvægis um 2005. Flestir verða íbúar á Blönduósi 1.115 árið 1985. Þróunin á Skagaströnd er nokkuð sveiflukenndari. Íbúafjöldinn nær þremur toppum um 1951, 1961 og á fimmtán ára tímabilinu 1980-1995 þegar íbúafjöldinn verður tæplega 700. Síðan þá hefur íbúunum farið hægt fækkandi.



Mynd 4. Þróun íbúafjölda á Blönduósi og Skagaströnd frá 1890. Grænu súlurnar eru fyrir Skagaströnd og þær brúnu Blönduós.

Á 15 ára tímabilinu 1998-2014 fækkaði íbúum Austur-Húnavatnssýslu um 18,1%. Á Blönduósi var fækkunin 15%, á Skagaströnd 20,7%, í Húnavatnshreppi 25,4% en í


Skagabyggð varð fólksfjölgun um 7,7%, sem skýrist af kynslóðaskiptum á mörgum bæjum þar sem ungt fólk tók við búskapnum og stofnaði nýjar fjölskyldur. Íbúafjöldi í Austur-Húnavatnssýslu hefur nær staðið í stað síðustu tvö ár, frá 2012-2014, en þeim fækkaði um 15% frá 1901 til 2013. Á sama tíma, 1901 til 2013, fjölgaði íbúum á Íslandi um 310%. Ef Austur-Húnavatnssýsla hefði haldið hlut sínum þá væru íbúar héraðsins nú rúmlega 9.000. Í viðauka 1 er ítarlegri umfjöllun um íbúapróunin í sveitarfélögunum fjórum í Austur-Húnavatnssýslu.

Sé horft til síðustu tíu ára hefur brottflutningur verið meiri en aðflutningur. Þó hefur hægt á allra síðustu ár. Á tímabilinu 2004 til 2013 voru brottfluttir 1.862 en aðfluttir 1.557. Mismunurinn er tap upp á 305 íbúa. Langstærstur hluti flutti til annarra svæða innanlands. Ekki eru aðgengilegar tölur um til hvaða svæða innanlands viðkomandi fluttu en ef horft er á Norðurland vestra sem heild fluttu langflestir til höfuðborgarsvæðisins.

4.7 Aldurssamsetning

Breyting á aldurssamsetningu íbúa Austur-Húnavatnssýslu hefur aukið þann vanda sem fylgir fækkun íbúanna og gefur ekki tilefni til bjartsýni um íbúapróun næstu árin. Þeir árgangar sem eru að vaxa upp eru fámennir. Einkum eru árgangarnir 0 til 10 ára afar fámennir. Í þeim árgöngum eru einungis á milli 20 og 30 einstaklingar í stað 30 til 40 fyrr. Sé litið á aldurspíramídan sést að þar er innfelling sem gefur sterkt til kynna að fjölskyldufólk á barneignaraldri sé hlutfallslega færra hér en á landinu öllu, mynd 5. Þetta hvorutveggja er merki hnignandi byggðar. Afleiðingar þessa er fækkun í leikskólum og skólum með tilheyrandi fækkun kennara og annars starfsfólks. Þessi þróun tengist samdrætti í meginatvinnuvegum sýslunnar, sjávarútvegi og landbúnaði.

Aldursdreifing íbúa í A Hún



Mynd 5. Aldursdreifing íbúa í Austur-Húnavatnssýslu.

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar, sem unnin voru fyrir velferðarráðuneytið, voru rúmlega 10% íbúa á Norðurlandi vestra, sem orðnir voru 65 ára eða eldri, í hjúkrunarrýmum á árinu 2008 og var það hæsta hlutfallið á landsvísu á meðan

landsmeðaltalið var tæplega 7%. Þá var hlutfall ellilífeyrisþega almannatrygginga af heildarfjölda aldurshópsins 67 ára og eldri 78% sem var næst hæst á landsvísu á eftir Suðurnesjum sem var með langhæsta hlutfallið. Þá voru tekjur ellilífeyrisþega einnig töluvert lægri en á öðrum landsvæðum.

4.8 Innviðir

Innviðir í Austur-Húnavatnssýslu og nágrenni eru vel þróaðir. *Flugvellir* eru á Akureyri, Sauðárkróki og Blönduósi. Flugvöllurinn á Akureyri er alþjóðlegur milli-landafflugvöllur með 2.400 m langri flugbraut. Á Sauðárkróki er flugbrautin rúmlega 2.000 m. Reglulegt áætlunarflug er til Akureyrar. Á Blönduósi er um 1.000 m löng flugbraut. Vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið er ekki lengur reglubundið áætlunarflug til Blönduós og Sauðárkróks.

Hafnir eru á Skagaströnd og Blönduósi. Höfnin á Skagaströnd, sem er stærsta fiskihöfnin við Húnaflóa, hefur alls 492 m bryggjukanta og með dýpi 6-7 m á 80 m kafla. Höfnin á Blönduósi er með 170 m langan viðlegukant. Á 50 m kafla er 5 m dýpi við kantinn. Minni flutningaskip geta því athafnað sig á báðum þessum stöðum.



Sauðárkrókshöfn er hins vegar megin útflutningshöfn á Norðurlandi vestra. Þar er fastur viðkomustaður strandflutninga og góð aðstaða fyrir flutningaskip af öllum stærðum.

Á Blönduósi og Skagaströnd eru *dagvöruverslanir*. Einnig er *blómabúð* og *áfengisverslun* til staðar á Blönduósi. Þá eru *bankaafgreiðslur* á báðum stöðum.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands rekur sjúkrahús og heilsugæslu á Blönduósi og heilsugæslustöð er á Skagaströnd. Á báðum stöðum eru einnig *dvalarheimili aldraðra*.

Sýslumaður á Norðurlandi vestra hefur aðsetur á Blönduósi en lögreglustjóri Norðurlands vestra hefur aðsetur á Sauðárkróki. Á Blönduósi er *lögrelustöð*. *Greiðslustofa Vinnuálastofnunar* er á Skagaströnd og *Innheimtustofnun sekta og sakarkostnaðar* á Blönduósi.

Slökkvilið eru á Blönduósi og Skagaströnd. Tvær *björgunarsveitir* eru starfandi í Austur-Húnavatnssýslu, á Blönduósi og á Skagaströnd. Þær eru vel tækjum búnar, bæði til björgunar á sjó og landi.

Vatnsveita er góð frá tryggum lindarsvæðum og úr borholum. Vatnsþrýstingur í neyslulögn er um 4-6 bör. *Hitaveita* er á Blönduósi og Skagaströnd og á flestum bæjum þar á milli.

Fráveita á Blönduósi fer um einsþreps hreinsistöð áður en því er veitt í sjó. *Sorphirða* og *endurvinnsla* er samræmd fyrir allt héraðið, endurvinnslustöðvar eru á Blönduósi og




Skagaströnd og sameiginlegur urðunarstaður, sem hefur starfsleyfi til ársins 2026 til móttöku á allt að 21 þús. tonnum, er við Stekkjarvík norðan við Blönduós.

Lista yfir helstu íðnfyrirtæki í A-Hún. er að finna í *Viðauka 3*.

Hringtenging ljósleiðara liggur um Blönduós, ljósleiðari er á Skagaströnd og á flestum bæjum í Skagabyggð.

Landsnet á og rekur allar megin flutningslínur rafmagns á Íslandi. Til stofnkerfisins teljast línur sem eru með 66 kV spennu. Til flutningskerfisins teljast einnig öll megin tengivirki á Íslandi. Byggðalína, með 132 kV spennu, liggur í gegnum sýsluna, sjá mynd 6.



Mynd 6. Raforkukerfið.

4.9 Atvinnulíf

Landbúnaður er fjölbreyttur í héraðinu enda landið vel fallið til hverskonar framleiðslu í landbúnaði með miklu og góðu beitolandi, víðáttumiklum heiðarlöndum og frjósömu landi til ræktunar. Allar algengustu framleiðslugreinar í landbúnaði eru stundaðar í héraðinu, s.s. sauðfjárbúskapur til kjötframleiðslu, kúabúskapur til mjólkurframleiðslu og kjötframleiðslu, hrossabúskapur til framleiðslu reiddhrossa, til kjötframleiðslu og einnig er blóðtaka úr hryssum stunduð í nokkrum mæli en blóðið er nýtt í lyfjaframleiðslu. Auk þess er skógrækt í einhverjum mæli og akuryrkja hefur verið að aukast jafnt og þétt með framleiðslu korns í fóður handa búpeningi.



Aukin vélvæðing í landbúnaði hefur kallað á hliðarbúgreinar hjá bændum, s.s. verktöku í heyskap og akuryrkju. Ferðapjónusta er á nokkrum stöðum í sveitum og er þá fyrst og fremst um gistingu að ræða en einnig eru þjónustuaðilar í hestaferðum.

Sjávarútvegur í Austur-Húnavatnssýslu má muna sinn fífil fegurri. Engin fiskvinnsla er lengur starfrækt í héraðinu og stærstur hluti aflaveiðiheimilda er kominn úr eigu



heimamanna. Nokkrir smærri bátar, með heimahöfn á Skagaströnd og Blönduósi, stunda fiskveiðar og landa afla sínum á Skagaströnd en auk þess landar frystitogarinn Arnar HU 1, sem er í eigu Fisk Seafood á Sauðárkóki, afla sínum á Skagaströnd. Stór hluti áhafnar Arnars er búsettur á svæðinu.

Á Skagaströnd er starfræktur fiskmarkaður sem er í eigu Fiskmarkaðs Íslands. Vegna góðra fiskimiða í Húnaflóa sækir þangað töluverður fjöldi báta víðs vegar af landinu og landar afla sínum á Skagaströnd, annað hvort til sölu á fiskmarkaðnum eða til vinnslu í eigin fiskvinnslum. Sá ferski fiskur sem berst á land er því fluttur óunninn til fiskverkunarhúsa á suðvesturhorninu. Umsvif við höfnina á Skagaströnd skipta hins vegar miklu máli, má þar nefna hafnargjöld, viðgerðir, fiskmarkaðurinn og önnur þjónusta.

Ferðapjónusta í Austur-Húnavatnssýslu hefur ekki vaxið í takt við aukinn fjölda

ferðamanna hér á landi. Þjónustan hefur verið mest í formi gistingar en þjónusta í kringum hestamennsku hefur lengi verið í boði. Á undanförunum árum hefur orðið allnokkur vakning í þessari atvinnugrein, söfn og setur hafa verið sett á fót, veiðiþjónusta og hestaleiga, ásamt fleiri tilboðum í afþreyingu. Þá hefur gistirými aukist nokkuð en hótélrymi skortir. Tvær ferðaskrifstofur eru starfandi og í gangi



eru tvö samstarfsverkefni ferðapjónustuaðila í sýslunni í gerð ferðatilboða. Samstarf ferðamálafélaganna á Norðurlandi vestra fer einnig vaxandi.

Aðeins eitt stórt iðnaðarfyrirtæki, SAH Afurðir, er starfandi í héraðinu en allmörg smærri fyrirtæki. Umfang iðnfyrirtækja hefur í heild heldur dregist saman á undanförunum árum. *Listi yfir iðnfyrirtæki í A-Hún. er í Viðauka 3.*

Þéttbýlið og dreifbýlið styrkja hvort annað og því má segja að með auknum atvinnutækiferum í þéttbýliskjörnunum megi búast við að sveitirnar eflist að sama skapi og öfugt.

4.10 Menning og menntun

Í Austur-Húnavatnssýslu eru tvær alþjóðlegar *listamiðstöðvar*, önnur fyrir textíl en hin um listir án sérhæfingar. Félagslíf er líflegt og fjölbreytt. Fimm *kórar* eru starfandi,

kvenfélögin eru sex, tveir Lionsklúbbar, einn leikklúbbur, tvær Rauðakrossdeildir, tvö skógræktarfélag og krabbameinsfélag.

Fimm félagsheimili eru í héraðinu með um 50 til 300 sæti í aðalsal. Fimm áhugaverð söfn og setur eru til vitnis um öfluga menningarstarfsemi. Heimilisiðnaðarsafn leggur áherslu á hannyrðir fyrri tíma. Hafísetur segir sögu hafíss við Ísland. Laxasetur fræðir gesti um lax og silung. Spákonuhof býður upp á fróðleik um spádóma og spáaðferðir og í Textílsetri geta gestir sett spor sín í 45 m langan refil um Vatnsdæla sögu. Þá er *Pingeyrakirkja* merkt menningarsetur vegna sögu hennar og innviða. *Bókasöfn* eru fjögur.

Ungmenna- og íþróttastarf er blómlegt. Fjögur *ungmennafélög* eru starfandi, tveir *golfklúbbar*, tvö *hestamannafélög*, *júðófélag* og *skotfélag*. Góð aðstaða er fyrir ýmsar greinar íþróttar, tveir knattspyrnuvöllir í fullri stærð, þrjú minni *sparkvöllir* með gervigrasi, tveir 9 holu *golfvöllir*, þrjár *sundlaugar* og þrjú *íþróttahús*. Einnig er *reiðvöllur* og svo er *skotaðstaða* fyrir félagsmenn skotfélagsins. Góð *skíðaáðstaða* er í Tindastóli í Skagafirði, aðeins 40 km frá þéttbýlistöðunum, einnig er *aðalvetrariþróttamiðstöð* landsins á Akureyri í 140 km fjarlægð þar sem er stórt skíðasvæði í Hlíðarfjalli og skautahöll.



Íbúar Austur-Húnavatnssýslu hafa greiðan aðgang að menntun. *Leikskólar* og *grunnskólar* eru alls sex; á Blönduósi, Skagaströnd og á Húnavöllum. Nemendur á leikskóla- og grunnskólaaldri eru samtals rúmlega 400. Sameiginlegur *tónlistarskóli* er fyrir allt héraðið.

Á Sauðárkróki er *Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra*, fyrir nemendur á aldrinum 16-20 ára, með um 400 nemendum og fjölbreyttum námsbrautum. Skólinn býður upp á dreifnám og fjarnám. Á Blönduósi er starfsstöð fyrir nemendur úr A-Hún. í dreifnámi hjá FNV.

Farskólinn, sem er miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, býður upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fullorðna. Þá reka Blönduós og Skagaströnd *námsver* þar sem er fjarfundabúnaður, háhraðanet og aðgangur að tölvum. Nemendur geta haft aðgang að námsverinu þegar þeim hentar. Námsverin eru ætluð háskólanemum í fjarnámi auk annarra fjarnema. Þar eru einnig haldin almenn námskeið á vegum Farskólans.



Þrír háskólar eru í nágrenninu. Í Háskólanum á Hólum í Skagafirði er kennsla á þremur námsbrautum; ferðamáladeild, fiskeldis- og fiskalíffræðideild og hestafræðideild. Þangað eru um 80 km. Í Háskólanum á Bifröst, sem er í um 140 km fjarlægð, eru þrjú námssvið; viðskiptasvið, lögfræðisvið og félagsvísindasvið. Nemendur þar eru um 700. Í Háskólanum á Akureyri, sem einnig er í 140 km fjarlægð, eru starfræktar fjölmargar námsbrautir. Þar eru tæplega 2.000 nemendur.



Hjá sjávarlíftæknifyrirtækinu BioPol á Skagaströnd eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á lífríki hafsins. Þekkingarsetur á Blönduósi sinnir m.a. rannsóknum á textíl, laxfiskum og strandmenningu. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Skagaströnd sinnir rannsóknum í hugvísindum.


4.11 Skipulagsmál og landnotkun

Í aðalskipulagi sveitarfélaga eru þéttbýlisstaðir skilgreindir og mörk þeirra ákveðin. Þar er jafnframt mörkuð stefna um landnotkun, uppbyggingu íbúðabyggðar, þjónustu og atvinnulífs. Eitt af markmiðunum er að kanna möguleika á orkufrekum iðnaði á svæðinu og þar með að skapa jákvæð samfélagsleg áhrif sem leitt gætu af orku Blönduvirkjunar. Báðir þéttbýlisstaðirnir í héraðinu hafa nægjanlegt landrými og geta boðið lóðir á hagstæðu verði fyrir bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

Í aðalskipulagi Blönduósbæjar er lögð áhersla á að skapa góðar umhverfisaðstæður fyrir fyrirtæki sem byggja á sérstöðu svæðisins. Svæði fyrir atvinnurekstur er skipt í tvennt. Annarsvegar er athafnasvæði fyrir starfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, t.d. léttum iðnaði, vörugæmslum og hreinlegum verkstæðum. Hinsvegar eru svæði fyrir stærri iðnað sem gæti haft nokkra mengun í för með sér, sjá myndir 7 og 8.



Mynd 7. Tölvugerð mynd af iðnaðarsvæði á Blönduósi.



Mynd 9. Iðnaðarsvæði við Hafursstaði er grálitað og merkt I-1.



Mynd 10. Tölvugerð mynd af álveri við Hafursstaði.

4.12 Auðlindir

Austur-Húnavatnssýsla býr yfir miklum náttúruauðlindum á láði sem legi. Þær standa á þremur meginstöðum sem eru auðlindir sjávarins, auðlindir landsins og orkuauðlindin sem birtist bæði í vatnsorku og jarðhitaorku. Aðrar atvinnugreinar tengjast þeim og vaxtarþróttur svæðisins mun á flestan hátt byggja á þeim.

Aðeins lítil hluti lands er nýttur undir byggð og mannvirki en stærsti hlutinn eru grösug beitarsvæði fyrir sauðfé og hross, sem skapar grunn fyrir fjölbreytta útivist og sóknarmöguleika fyrir ferðaþjónustu.

Í Húnaflóa og norður af honum eru gjöful fiskimið botntegunda eins og þorsks og ýsu. Hægt er að stunda fiskveiðar allan ársins hring.

Hofsjökull er þriðji stærsti jökull landsins og ein af stærstu eldstöðum þess. Þar eiga jökulfallið Blanda og jökulár Skagafjarðar upptök sín. Blönduvirkjun á Blöndu tilvist sína að þakka. Um Blönduvirkjun er fjallað í sérstökum kafla síðar í skýrslunni.

Jarðhiti, með allmörgum hverum, er á Hveravöllum á Kili sem telja má eina af perlum íslenskrar náttúru. Þar er í uppbyggingu ferðamannamiðstöð sem verður ein af meginstöðvum ferðaþjónustu á miðhálandi Íslands.

Einnig er jarðhiti á Reykjum við Reykjabraut í Húnavatnshreppi. Hann hefur lengi verið nýttur fyrir Reyki og Húnavallaskóla en með aukinni borun hefur fengist nægilegt heitt vatn í hitaveitu fyrir Blönduós og Skagaströnd og nærliggjandi býli.



Jarðhitasvæðið á Hveravöllum er háhitasvæði en Reykir eru á lághitasvæði. Á lághitasvæði er hitinn á bilinu 50-150°C á eins km

dýpi. Lághitasvæði eru fyrst og fremst að finna á jöðrum gosbeltisins þótt þau finnist reyndar um allt land. Lághitavatn er einkum nýtt til upphitunar, fyrir fiskeldi, ylrækt og smærri iðnað. Háhitasvæði myndast vegna heitra innskota djúpt í jörðu þar sem hitinn er um og yfir 200°C í efstu 1.000 metrunum. Háhitasvæði eru tengd gosbelti landsins og megineldstöðvum þess. Vökvi úr háhitakerfum er einkum nýttur til raforkuframleiðslu, til upphitunar og í iðnaðarferla.

4.13 Veðurfar


Á Íslandi er kaldtemprað úthafsloftslag þar sem hitamismunur sumars og vetrar er frekar lítill. Sumur eru svöl og vetur mildir. Vesturgrein Golfstraumsins kemur upp að suðurströnd landsins og heldur áfram upp með Vesturlandi og síðan austur með Norðurlandi. Úr Norður-Íshafi fellur kaldur hafstraumur til suðurs meðfram austurströnd Grænlands. Grein úr honum klofnar út af Vestfjörðum til austurs með norðurströndinni.



Veðurfar í Húnavatnssýslum mótast af nálægðinni við Húnaflóa. Landið er nokkuð

opið fyrir norðanátt sem ber kalt loft inn yfir héraðið en þess gætir einkum í útsveitum. Inn til dala er mun mildara loftslag.

Á Blönduósi var meðalhiti ársins 2011 4,3°C og 4,0°C árið 2012.



Mynd 11. Vindrós og vindstyrkur

4.14 Jarðfræði

Jarðfræði láglandssvæða í Austur-Húnavatnssýslu einkennist af basaltlögum frá tertíer (2,6-65 millj. ár) jarðsögutímabilinu. Á þeim tíma var nokkuð samfelld upphleðsla hraunlaga frá gosbeltinu sem talið er að þá hafi legið um Hvammsfjörð. Í hléum á milli eldgosa myndast jarðvegur sem nú sést sem fremur þunn rauðbrún setlög á milli hraunlaganna. Eftir að upphleðslunni lauk rak jarðlagastaflinn út fyrir virka gosbeltið og er Austur-Húnavatnssýsla nú á óvirku svæði með tilliti til eldsumbrota og jarðskjálfta. Svæðið var á þessu uppbyggingarskeiði á tertíer trúlega frekar flatt hálendi.


Þegar ísöld gekk í garð fyrir um þrem milljónum árum breyttist landið með rofi skriðjökla og sjávarrofi við hærri sjávarstöðu. Skriðjökklar mótuðu dali og önnur landslagsform og við ísaldarlok féllu fram berghlaup í Langadal, Vatnsdal og víðar. Ofan byggða eru berglög frá kvarter tímabilinu (tímabili ísaldanna) en þau koma lítið eða ekki við sögu hér. Malarhjallar við sjávarsíðuna og meðfram ám, t.d. Blöndu, sem mynduðust við hærri sjávarstöðu, eru uppsprettur malar til nota í steinsteypu og aðra mannvirkjagerð.

Pótt láglandssvæði Austur-Húnavatnssýslu liggi fjarri gosbeltinu verður ekki fram hjá því lítið að Hofsjökull, sem situr á miðju miðhálendi landsins, markar einnig

suðurmörk sýslunnar og þar eiga Blanda og fleiri stórar jökulár upptök sín. Hofsjökull er þíðjökull og þriðji stærsti jökull landsins. Í miðju hans er sigketill sem talinn er vera megineldstöð og gosaskja. Undir henni er nokkur smáskjálftavirkni sem bendir til að þar sé virkt kvikuhólf. Nokkur lítil hraungos hafa orðið í hlíðum Hofsjökuls á síðustu 10.000 árum (frá lokum ísaldar) en eldstöðvarnar eru huldar jökli. Ekki er ástæða til að álíta að takmörkuð virkni í Hofsjökli hafi neikvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu í Austur Húnavatnssýslu. Engin stórhlaup úr Hofsjökli eru þekkt á nútíma.

Skjálftavirkni á Íslandi skýrist fyrst og fremst af legu landsins á Mið-Atlantshafshryggnum. Þvert á hrygginn rekur landið um 2 cm á ári til hvorrar handar. Rekið er afleiðing kvikustrauma í möttli jarðar sem leita upp undir landinu og síðan til sitt hvorrar hliðar undir jarðskorpunni. Þetta stöðuga álag leiðir til þess að skorpan lætur undan í áföngum. Hún hrekkur til og myndast þá jarðskjálftar. Hröðun gefur til kynna hreyfingu yfirborðs jarðar en hún minnkar og áhrifin dvína með aukinni fjarlægð frá upptökum jarðskjálftans, þ.e. jarðskjálftaálagið minnkar og áhrif þess á styrkhönnun mannvirkja minnkar að sama skapi.

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt í fimm hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Lægsti áhættuflokkurinn nær yfir ytri hluta Skaga og hefur hönnunarhröðunina 0,1g (0,1=10%), þ.e. álagið þar er 10% af þyngdarhröðuninni. Blönduós er aftur á móti á lygnum sjó¹, mynd 12.



MYND 1. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma.

Mynd 12. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma.

¹ g er eining fyrir þyngdarhröðun jarðar; meðalgildið $g=9,8\text{m/s}^2$.

5.0 Nýiðnaður

Hugmyndir um atvinnuuppbyggingu hafa tekið mið af þörfinni fyrir nýjan atvinnurekstur sem eykur fjölbreytni atvinnulífs í Austur-Húnavatnssýslu og sem jafnframt getur leitt til þess að núverandi fyrirtæki verði sterkari og samkeppnishæfari. Uppbygging í hæfilegum áföngum mun dreifa áhættu samfélagsins og falla betur að því samfélagsmynstri sem fyrir er. Áform Landsvirkjunar um nýjar virkjanir á Blöndusvæðinu gætu fallið vel að þessu. Slík áfangaskipting og fleiri fyrirtæki opna einnig á þann möguleika að uppbygging verði á fleiri en einum stað. Það er þó ætíð ákvörðun eigenda sem oft finna kosti í nánu samstarfi fleiri en eins nýiðnaðarfyrirtækis, t.d. í svo kölluðu klasasamstarfi.

Samkeppnishæfni svæðisins er trúlega betri gagnvart fyrirtækjum sem eru lítið eða ekki háð staðsetningu. Það gæti jafnað út þann mun sem kann að vera á milli höfuðborgarsvæðisins og Austur-Húnavatnssýslu. Sama gildir um framleiðslu sem að miklu leyti fer til dreifingar víðsvegar á innanlandsmarkaði. Aðrir kostir eru vissulega í myndinni. Dæmi um samkeppnishæfa starfsemi eru gagnaver og „smærri iðnaður“ sem ekki fylgir hár flutningskostnaður.



Í stórum dráttum má skipta mögulegum *nýiðnaði* í tvennt. Annars vegar er *orkuþurfandi stærri starfsemi* en hins vegar *smærri iðnaður*; sérhæfð starfsemi lítilla og meðalstórra framleiðslu- og þjónustufyrirtækja.

5.1 Gagnaver

Gagnaver er heiti á sérbyggðri aðstöðu sem hýsir upplýsingavinnslu og fjarskiptabúnað þar sem mikið magn af gögnum er geymt og flutt um ljósleiðarakerfi til notenda víðsvegar um heim. Almennt er unnt að skipta þjónustu gagnavera í átta þætti sem eru eftirfarandi²:

1. Hýsing (e. Hosting and colocation).
2. Kerfisveita (e. application services).
3. Gagnavistun (e. data storage).
4. Afritunarþjónusta (e. data backup services).
5. Endurreisnarþjónusta (e. disaster recovery).
6. Tengipjónusta (e. connectivity services).
7. Rekstrarþjónusta (e. managed services).
8. Sérhæfð þjónusta (e. professional services).

² Frumv. til laga um br. á l. nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. 208 mál þingskjal 228. 139 löggjafarþing 2010-2011.

Gagnaveraiðnaður varð til með tilkomu Internetsins og við það að gagnatengingar urðu bæði öflugar og ódýrar. Með sífelld aukinni notkun upplýsingatækni eykst þörfin fyrir gagnaver jafnt og þétt. Þau nota mikla orku sem myndar hita og er kæling tölva því lykilatriði, ásamt öruggri rafmagnsafhengingu. Nú eru tvö gagnaversfyrirtæki starfrækt hér á landi, þ.e. gagnaver Advania með aðstöðu í Hafnarfirði og á Fitjum í Reykjanesbæ og gagnaver Verne Holding á Ásbrú við Keflavíkurflugvöll.



Mynd 13. *Úr gagnaveri.*

Gagnaverin hafa hingað til verið lítil á alþjóðavísu en kostir Íslands, sem nýtast vel við rekstur gagnavera, eru orðnir vel þekktir meðal erlendra fyrirtækja og skýrir aukinn áhuga þeirra. Hagstætt orkuverð og góðir kælimöguleikar skipta hér miklu máli. Orka framleidd úr umhverfisvænum orkugjöfum skiptir einnig mjög miklu máli, einkum fyrir fyrirtæki sem vilja tengja afurðir sínar við umhverfisvæna framleiðsluhætti. Útihiti er að jafnaði mjög lágur og loftraki að sama skapi.


Á Íslandi þarf því minni raforku til reksturs gagnavera en í flestum öðrum löndum heims og kalda loftið kostar ekkert. Raforkukerfi landsins er mjög öruggt og truflanir á því afar fátíðar. Á sama hátt er fjarskipta- og dreifikerfið innanlands mjög öruggt og víðtækt og öflugar ljósleiðar tengingar liggja til Evrópu og Ameríku.



Þrátt fyrir að mikil aukning hafi orðið í starfsemi gagnaveranna á árinu 2014 og sú þróun haldi áfram þá er flutningsgeta sæstrengjanna ekki fullnýtt. Fyrirhugaður strengur Emerald Networks

skapar auk þess mikið svigrúm fyrir enn frekari vöxt á næstu árum. Farice og Danice sæstrengirnir eru nú lífæðar fjarskipta Íslands og Færeyja við umheiminn. Þeir eru í eigu Farice ehf.

Með þessum tveimur sæstrengjum hefur náðst að tryggja stöðuga tengingu og samskiptaöryggi við útlönd. Farice ehf. rekur þessa sæstrengi en Míla rekur sæsímastöðvar sæstrengjanna fyrir Farice ehf. og sér um innanlandstengingar sem tengjast sæstrengjunum. Sæstrengur Greenland Connect er einkum mikilvægur vegna gagnaflutninga til Ameríku. Hann er í eigu Tele Greenland, mynd 14.




Mynd 14. Sæstrengir sem tengjast Íslandi.

Heildarorkunotkun gagnavera á haustmánuðum 2014 er talin vera um 17 MW. Þar af er orkunotkun gagnavers Advania að Fitjum um 8 MW en um 2 MW í Hafnarfirði. Gagnaver Verne Global að Ásbrú er talið nota um 7 MW eða meira.

Til að gagnaver teljist stórnotandi og njóti kjara til samræmis þarf notkunin að vera 14 MW eða meira af uppsettu afli í minnst 8.000 klst. á ári³. Þessi þröskuldgildi eru íþyngjandi fyrir gagnaver sem vill byggja upp starfsemi sína í áföngum. Unnt þarf að vera að byggja upp gagnaver í áföngum sem þarfnast uppsetts aflls sem er mun minna en 14 MW.

Dreifikerfi Mílu er sýnt á mynd 15. Unnt er að aðlaga kerfi Mílu að þeirri þörf sem skapast á hverju landssvæði fyrir sig fyrir bandbreið gagnasambönd. Flutningsgetan er háð þeim endabúnaði sem settur er á ljósleiðarastrengi og hefur Míla uppfært kerfi sitt nokkrum sinnum á undanförunum áratugum til þess að mæta eftirspurn og tæknibreytingum.

³ Reglugerð um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005.



Mynd 15. Háhraðanetið um Ísland

Sveitarfélögin í Austur-Húnavatnssýslu hafa um árabil unnið að uppbyggingu gagnavers á Blönduósi. Aðalskipulag Blönduósbæjar gerir ráð fyrir 272 ha lóð í 40 m hæð yfir sjávarmáli undir slíka starfsemi. Landið er í eigu sveitarfélagsins sem hefur verið frumhannað með tilliti til þess að gagnaver rísi á svæðinu. Jafnframt hefur verið lokið við frumhönnun á sjókæliveitu fyrir gagnaver. Helstu kostir þess að reisa gagnaver á Blönduósi eru:

- Nálægð við Blönduvirkjun.
- Umhverfisvæn orka.
- Góðar raforku- og ljósleiðaratengingar.
- Lítil náttúruvá, svo sem eldvirkni, jarðskjálftar og flóðahætta.
- Valkostir í kælingu.
- Svæðið er tiltölulega kalt.
- Gott byggingarland í eigu sveitarfélagsins.
- Lóðin er tilgreind í aðalskipulagi Blönduósbæjar.
- Öll almenn og sértæk þjónusta er til staðar innan 50 km radíusar.
- Alþjóðaflugvöllur er innan 150 km.

Samstarf við innlenda og erlenda aðila, sem reynslu hafa af byggingu gagnavera, hefur leitt í ljós að svæðið er kjörið fyrir starfsemi öflugs gagnavers sem krefst verulegrar raforku með miklu afhendingaröryggi, gnægð byggingarlands og góðra kælimöguleika. Orkuöryggið byggist að verulegu leyti á nálægð við Blönduvirkjun og tengivirki Landsnets við Laxárvirkjun. Vegna uppbyggingar gagnavers þarf að koma á tengingu við núverandi raforkuflutningskerfi með því að reisa nýja 132 kV háspennulínu um 3,5 km að iðnaðarsvæðinu frá spennuvirki Landsnets við Laxárvirkjun. Sú lína ætti að geta þjónað atvinnuuppbyggingu á svæðinu við Hnjúka til nokkurrar framtíðar.

Náttúruleg vá er í lágmarki miðað við íslenskar aðstæður þar sem svæðið er utan virkra eldfjalla- og jarðskjálftasvæða. Hætta á flóðbylgjum, snjóflóðum og skriðuföllum er ekki heldur til staðar.

Erfitt er að segja til um fjölda starfa sem starfsemi gagnavers getur skapað en það fer mikið eftir eðli starfseminnar Þumalputtareglan varðandi fjölda starfa í gagnaverinu er 1 starf pr. MW. Hafa ber í huga að gagnaverin eru yfirleitt hýst í stóru húsnæði þar sem mikill tæknibúnaður er fyrir hendi, tölvur/kæling. Þetta kallar á fjölmörg störf við rekstur hússins auk þeirra sérfræðistarfa sem þörf verður fyrir.

5.2 Álver

Framleiðsla áls er ein af þremur megin stoðum íslensks atvinnulífs ásamt sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Auk áls er hér framleitt kísiljárn. Framundan er í sjónmáli nýiðnaður sem framleiða mun kísilmálm og sólarkísil, sem einnig er kallaður hreinkísill. Ál hefur verið framleitt á Íslandi frá árinu 1969 er álverið í Straumsvík tók til starfa með 33.000 tonna framleiðslugetu á ári. Nú eru þrjú álver starfrækt og ársframleiðslan er um 820.000 tonn sem er um 2% af heimsframleiðslunni. Hjá fyrirtækjum í áliðnaði starfa um 1.800 manns og almennt er reiknað með að starfamargfeldi iðnaðarins sé 1,4 en samkvæmt því hafa um 4.300 manns atvinnu af álframleiðslu með beinum hætti. Hlutdeild álafurða í vöruútflutningi er um 40%.



Ál er léttmálmur sem unninn er úr súráli með rafgreiningu í álveri. Súrál er unnið úr baxíti sem er jarðmyndun sem finnst í suðlægum löndum. Um tvö til þrjú kg af baxíti gefa eitt kg af súráli en tvö kg þess þarf í eitt kg af áli. Ál er algengasti málmur

jarðskorpunnar, þekkt fyrir léttleika og viðnám sitt gegn tæringu. Ál og álblöndur eru aðalsmíðaeefni flugvéla og íhluta í margvísleg önnur flutningatæki og byggingar þar sem not eru fyrir léttleika, varanleika og styrk. Ál er góður varma- og rafleiðari, miðað við þyngd, tvöfalt betri rafleiðari en eir og því notað í háspennulínur.

Til að framleiða 1kg af áli þarf um 15 kWh af raforku. Um 80% af raforkuframleiðslu á Íslandi er hagnýtt í málmiðnaði. Álvinnslu fylgir losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Koltvísýringur (CO₂) vegur einna þyngst en fyrir hvert kg af áli verður til um eða rúmlega eitt og hálf kg af koltvísýringi.

Þann 17. mars 2015 var undirrituð viljayfirlýsing milli sveitarfélaganna í A-Hún. og Klappa Development um hagkvæmniskönnun á byggingu álvers við Hafursstaði á Skagaströnd. Skoðaður verður fýsileiki á 2 x 120 þúsund tonna álframleiðslu. Iðjuver af þessari stærð myndi skapa yfir 100-200 störf í héraði. Um 200 MW þarf til framleiðslu á 120 þús. tonnum af áli. Ekki liggur fyrir hvernig orku verði aflað fyrir slíkt álver eða hvernig orkuflutningi verður háttað.

5.3 Smærri iðnaður

„Mjór er mikils vísir“ er oft sagt um efnileg ungvíði en það á jafnvel við um nýiðnað sem hefur mikla vaxtarmöguleika. Því er mikilvægt að beina sjónum sérstaklega að þeim kostum sem fram komu á fundinum, 28. nóvember 2014, um sóknarfæri í starfandi greinum (sjá viðauka 1). Í eftirfarandi umfjöllun er lauslega fjallað um sóknarfæri í líftækni, ferðaþjónustu og iðnaði.



Lítill og meðalstór fyrirtæki eiga sérstaklega góða möguleika til að komast til þroska á tímum nýrrar tækniþróunar og ættu að eiga góða vaxtarmöguleika. Ekki fer þó á milli mála að áskoranir og hindranir munu bíða þeirra við hvert fótmál. Þekking og vel menntað starfsfólk er oft vandfundið og ógreiður aðgangur að fjármagni er í flestum tilfellum

mikil hindrun. Samstarf og klasamyndun gæti greitt götu þeirra og eflt þekkingarstig og samkeppnisstöðu mikið.

Ljóst er að þrátt fyrir mikinn samdrátt í afla eru möguleikar tengdir sjávarútvegi mjög miklir. Útflutningsverðmæti sjávarfangs og landbúnaðarafurða munu ótvírætt geta vaxið mikið ef rétt verður staðið að nýsköpunar- og þróunarmálum. Þar munu vega þyngst útflutningsverðmæti nýrra afurða sem framleiddar verða úr aukafurðum og því sem nú er nefndur úrgangur.

Reyndar má sjá fyrir sér að aðskilnaður sjávarútvegs og landbúnaðar muni dvína með tímanum og jafnvel hverfa. Framþróun í líftækni mun ekki virða nokkur tilbúin landamæri á milli atvinnugreina þar sem fagsviðið er þverstætt á öll slík skil. Uppruni aðfanganna mun ekki skipta neinu máli.

Hráefni til þróunar líftækni-afurða eru tiltæk í miklu magni og tækifærin eru mýmörg. Út frá því sem fram hefur komið má ímynda sér framleiðslu verðmætra lífefna úr rotmassa úrgangs sem fellur til í landbúnaði og umbreytingu á lífrænum úrgangi frá fiskvinnslu í próteinríkt fóður fyrir fiskeldi. Hugmyndir á borð við þessar eru þegar til athugunar hjá íslenskum rannsóknarstofum.



Staðsetning líftækni-iðnaðar í Austur-Húnavatnssýslu er ekki hindrun, m.a. vegna þess að flutningar á smávörum skipta ekki miklu í stærra samhengi og svo er útflutningshöfn á Skagaströnd og Sauðárkróki og Akureyri er skammt undan.




Mynd 16. Líftækniíðnaður.

Nærtækt dæmi um uppbyggingu líftækniíðnaðar er að finna í næsta nágrenni. Lyfjapróunarfyrirtækið Genís hf. vinnur að uppbyggingu verksmiðju á Siglufirði til framleiðslu á líftæknivörum sem það hefur þróað. Vörurnar eru unnar úr fásykrungum sem unnir eru úr rækjuskel. Annað nærtækt dæmi er af fyrirtækinu Kerecis á Ísafirði sem þróað hefur og framleiðir stöðefni og krem úr þorskroði sem græða þrálát sár og meðhöndla aðra húðkvilla. Þá vinnur fyrirtækið Codland í Grindavík að því að fullnýta sjávarafurðir og framleiða úr þeim hágæða vörur með sjálfbærni að leiðarljósi.

Ekkert er því til fyrirstöðu að líftækniyfyrirtæki, sem nýta aukaafurðir og úrgang frá fisk- og kjötvinnslu, verði til í Austur-Húnavatnssýslu og feti inn á svipaðar slóðir og að framan greinir. Fyrirtækið BioPol á Skagaströnd er gott dæmi um starfsemi af þessum toga með mikla vaxtarmöguleika.

Ferðapjónusta í Austur Húnavatnssýslu hefur ekki eflst í takti við þróunina annars staðar á landinu en þar eru töluverð sóknarfæri. Þau leynast fyrst og fremst í sérstöðu svæðisins, eins og náttúrufari, menningu og sögu. Áhersla á „slow travel“ ferðapjónustu er í anda slíkrar sérstöðu.

Í stærra samhengi virðast sóknarfæri inn á hálendið umtalsverð og þau geta auðveldlega tengst öðrum áherslum eins og „slow travel“ og hestaferðum sem náð hafa góðri fótfestu. Hveravellir er ævaforð áningastaður á Kjalvegi og einstök náttúruperla. Þaðan eru Hofsjökull og Langjökull aðgengilegir eins og hálendið norðan þeirra. Jaðarmiðstöð fyrir Hveravelli er fyrirhuguð við Áfangafell en þegar fram líða stundir ætti á báðum stöðunum að vera unnt að starfrækja ferðamannþjónustu á ársgrundvelli. Þá er stutt í Kerlingafjöll sunnan vatnaskila.



Miklir möguleikar eru einnig á Skaga varðandi náttúrutengda ferðaþjónustu, þ.e. gönguferðir, fugla- og selaskoðun og veiði allan ársins hring. Þar eru mörg veiðivötn og aðgengi að þeim gott sumar sem vetur. Víða eru fallegar gönguleiðir svo sem í fjallendinu milli Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjarðar, fram með Vatnsdalsárgljúfri þar sem eru tilkomumiklir fossar, á Jörundafell, einn hæsta fjallstind í Húnavatnssýslu og fram með Giljárgljúfri. Silungsveiði er í flestum vötnum. Söguslóðir Vatnsdælu og atburðir tengdir seinustu aftöku á Íslandi eru mikilvægir þættir í menningarsögu og ferðamennsku héraðsins.

Afkoma iðnfyrirtækja í Austur-Húnavatnssýslu hefur tengst afkomu atvinnulífsins og íbúanna. Með samdrætti í atvinnurekstri og opinberri þjónustu, sem leitt hefur af langtíma íbúafækkun, hefur iðnfyrirtækjum hnignað enda eru allir þættir samfélagsins samtengdir og virka hver á annan. Þetta leiðir af sjálfu sér þar sem nýbyggingar, viðhald og hverskonar þjónusta iðnaðarmanna er fyrst og fremst unnin í þágu heimamanna. Sjálfstæður framleiðsluiðnaður hefur engu að síður þrífist, eins og Léttitækni á Blönduósi sem er leiðandi í ráðgjöf, framleiðslu, þjónustu og sölu á léttitækjum á landinu. Þá býr Vélaverkstæði Skagastrandar yfir mikilli þekkingu er varðar þjónustu við skip og báta, pípulagnir og framleiðslu á sérhæfðum tækjum. Mikil reynsla og þekking liggur einnig hjá pípulagnafyrirtækinu N1 píparinn sem sinnir þjónustu víða um land.

Vilko/Prima er matvælafyrirtæki sem stendur á gömlum merg og er þekkt fyrir framleiðsluvörur sínar sem seldar eru um allt land. Þær hafa sterka markaðsstöðu á Íslandi á sínu sérvörusviði og eru þeir vöruflokkar til í flestum matvöruverslunum landsins.

Stígandi er lykilfyrirtæki í byggingariðnaði í Austur-Húnavatnssýslu og í hópi elstu byggingarfyrirtækja á Íslandi sem unnið hefur við mannvirkjagerð og stundað framleiðslu á innréttingum og húseiningum á sérútbúnu verkstæði um langt árabíl til aðila um allt land. Stígandi var einn af lykilverktökum við byggingu Blönduvirkjunar. Þá hefur Trésmiðja Helga Gunnarssonar starfað hér í áratugi.

Á Blönduósi er einnig eina ullarþvottastöð landsins.

Þegar rætt er um uppbyggingu framleiðsluiðnaðar er vert að hafa í huga að iðnfyrirtæki í Austur-Húnavatnssýslu telja sig vera vel í sveit sett m.t.t. flutninga innanlands.

Ódýrara er að framleiða úti á landi og starfsmannavelta er lítil. Þessi boðskapur og rökstuðningur fyrir honum er ekki öllum ljós og vel gæti verið ómaksins virði að greina þessi tækifæri betur og kynna þau fyrir fjárfestum og fleiri. Mikilvægt er að efla orðspor atvinnulífsins í Austur-Húnavatnssýslu og um leið almenna vitund landsmanna á getu þess til að leysa flókin viðfangsefni á frábæran hátt. Leið til að efla fyrirtækin á svæðinu gæti verið að tengja þau betur saman í klasasamstafi og auka sérhæfingu þeirra og getu. Orkuþurfandi smáiðnaður gæti verið ákjósanlegur samfara auknu framboði á raforku frá Blönduvirkjun. Þann möguleika þarf einnig að skoða og kynna.



5.4 Lífdísill

Hefðbundnar eldsneytisbirgðir eru takmarkaðar og brennsla jarðeldsneytis veldur umhverfisskaða með losun gróðurhúsalofttegunda. Á sama tíma fer eftirspurn eftir eldsneyti vaxandi sem úrgangur úr landbúnaði getur mætt að hluta til. Lífmassi, sem er lífrænt efni frá dýrum og plöntum, er notaður til framleiðslu lífdísils. Nota má margar gerðir af jurtaolíum en einnig dýrafitu en algengara er að lífdísill sé framleiddur úr jurtaolíu en dýrafitu.

Dýrafita er í grunninn samsett úr löngum fitukeðjum sem eru mjög seigfljótandi fitusýrur og eru af þeim sökum ónothæfar sem vélaeldsneyti. Dýrafituna þarf því að hvarfa í sundur í sk. estera. Þá verða til úr fitunni þrjú mólakúl af esterum og eitt mólakúl af glýcerin. Glýcerinið er fjarlægt sem aukaafurð en esterarnir eru lífdísillinn. Lífdísill er blandaður við díselolíu í ákveðnum hlutföllum sem er einkennt með BX, þar sem X er tala og táknar %-hluta lífdísilsins í blöndunni.

Lífdísill hefur bæði kosti og galla samanborið við díselolíu. Helstu kostirnir eru að lífdísill er endurnýjanlegur orkugjafi, losar minna af gróðurhúsalofttegundum, brotnar auðveldlega niður í náttúrunni og smyr vélahluta betur. Helstu ókostir eru að lífdísill er orkuminni, þolir ekki eins mikinn kulda, getur skemmt plast og gúmmí í eldsneytiskerfum og getur myndað útfellingar í vélum.

Ný lög nr. 40/2013 um endurnýtanlegt eldsneyti í samgöngum á landi kveður á um að söluaðila eldsneytis á Íslandi beri að tryggja að minnst 3,5% af orkugildi heildarsölu hans af eldsneyti til notkunar í samgöngum á öllu landinu á ári sé endurnýjanlegt eldsneyti. Frá 1. janúar 2015 skal tryggja að minnst 5,0% af heildarorkugildi eldsneytis til notkunar í samgöngum á landi á ári sé endurnýjanlegt eldsneyti.

Þá verður einnig óheimilt að urða sláturúrgang frá og með 2020 en kostnaður við urðun er áætlaður um 22 kr./kg. Til mikils er að vinna að losna við þann kostnað og geta í þess stað skapað tekjur af sölu úrgangs til framleiðslu lífdísils. Eftirspurn eftir eldsneyti er vaxandi sem úrgangur úr landbúnaði getur mætt að hluta til.



Á Norðurlandi vestra er slátrað um 55% af sauðfé og 45% af stórgripum landsins. Áætlað er að til falli um 2.000 tonn af fitu frá sauðfjár-, hrossa- og nautgripaslátrun á Norðurlandi vestra. Auk þess er fita frá svínunum um 500 til 1.000 tonn og notuð steikingarolía um 500-1.000 tonn á landinu öllu. Þá er ótalin fita úr kjúklingaslátrun,

minkabúum og fituskiljum sláturhúsa en óvíst er hve mikið það gæfi.

Samtals gæti verið mögulegt að ná um 20.000 tonnum af landinu öllu með samstilltu átaki. Þó er óvíst að flutningar á dýrafitu um langan veg borgi sig. Fiskolía er ekki talin hér með en hún er síður hentug í lífdísil vegna þess hve fjölómettuð hún er. Einungis er

hægt að nota fiskolíu í litlu magni eða um 5-10% með dýrafitu. Samkvæmt evrópskum reglum þarf að gerilsneyða hráefni úr slátrun fyrir notkun í lífdísil.



Mynd 17. Lífdísill er t.d. framleiddur úr dýrafitu.

Framleiðsla á lífdísil þarf að vera reglubundin og jöfn allt árið. Þar sem sláturtíð á Íslandi er bundin við haust og upphaf vetrar mun þurfa að geyma fituna í allt að 9-10 mánuði. Samkvæmt erlendri reynslu á það að vera vandalaust. Fyrst þarf að hreinsa fituna og geyma í súrefnissnauðu umhverfi, við tiltölulegan lágan hita. Þýskir aðilar hafa gert kostnaðargreiningu fyrir verksmiðju sem framleiddi 5.000 tonn á ári. Slík verksmiðja myndi skapa um 10 störf.

Framleiðsla á lífdísil í Austur-Húnavatnssýslu er áhugaverður kostur, ef ítarlegt mat sýnir fram á hagkvæmni slíkrar starfsemi hér á landi. Hún hentar ágætlega sem viðbót við þá starfsemi sem fyrir er og nálægð við hráefni styður vel við hugmyndina.

5.5 Ávinningur af nýiðnaði fyrir samfélagsþróunina

Nýiðnaður, á borð við þann sem að framan er rakinn, mun með beinum og óbeinum hætti leiða til mikillar atvinnusköpunar, hærri atvinnutekna og aukinna umsvifa á mörgum sviðum. Aukin afleidd umsvif verða til t.d. vegna verktöku, sölu á þjónustu beint til fyrirtækja og til starfsmanna þeirra. Bættur hagur íbúanna mun auka eftirspurn víðsvegar í samfélaginu með augljósum hag fyrir alla.

Ekki er ólíklegt að með hverju nýju starfi í frumframleiðslu verði a.m.k. til annað í afleiddri og óbeinni starfsemi. Grunnstoðir samfélagsins munu styrkjast og snúast úr samdrætti í vöxt. Menningar- og félagslíf verður



öflugra og hverskonar starfsemi samtaka, félaga og hópa mun styrkjast. Ný fyrirtæki hafa forsendur til að laða til sín sérmenntað fólk, einkum ungt fólk sem fær tækifæri til að setjast að í héraðinu.

6.0 Blönduvirkjun

6.1 Undirbúningur og framkvæmd

Bygging Blönduvirkjunar hófst 1983 og var orkuverið tekið í notkun 1991. Uppsett afl er 150 MW, orkuvinnslugeta 910 GWst. á ári og vatnsmiðlunin Blöndulón um 56 km². Stöðvarhúsið sjálft er um 230 metrum undir yfirborði jarðar.

Rafmagnsveitur ríkisins, RARIK, sem hafði virkjunarrétt fyrir Blönduvirkjun, hóf undirbúningsrannsóknir árið 1973 og hélt þeim áfram með hléum til 1982. Þá fékk Landsvirkjun virkjunarréttinn. Hún bauð út fyrstu verkþætti virkjunarinnar 1983 og hóf þá einnig undirbúningsframkvæmdir, m.a. uppbyggingu innviða á virkjunarsvæðinu. Ráðist var í þessar framkvæmdir á grundvelli þess að til stóð að reisa kísilmálmverksmiðju í Reyðarfirði sem komin yrði í rekstur árið 1985. Til að afla raforku til hennar þyrftu Kvíslaveitur, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og Búrfellsvirkjunar að vera lokið 1985-1986.

Blönduvirkjun átti að vera komin í rekstur 1987-1988 og háspennulína frá Þjórsársvæðinu til Akureyrar að vera fullgerð 1986⁴. Vegna þessa veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki verksmiðju í Reyðarfirði og hafi með höndum þá framleiðslu og skyldan atvinnurekstur. Ekki minna en 51% af hlutafé félagsins skyldi vera í eigu ríkisins en aðrir innlendir aðilar ættu 49%. Árleg framleiðslugeta verksmiðjunnar var áætluð 25.000 tonn.⁵



Mynd 18. *Blönduvirkjun*

⁴ Alþingi-83. fundur, 104. Lögjafarþing, 279. mál. Kísilverksmiðja á Reyðarfirði.

⁵ Lög um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, nr. 70/1982.

Ekki gengu áætlanir um kísilmálmverksmiðjuna eftir en bygging Blönduvirkjunar var komin af stað og samningar um meginhluta byggingarvinnunnar frágengnir. Þá var reiknað með að framkvæmdum lyki 1988 en það átti eftir að frestast um þrjú ár eða til 1991.

Ákvörðunin um virkjun Blöndu var hluti af forgangsröðun stjórnvalda og stóð slagurinn framan af um hvor kæmi fyrst, virkjun Bessastaðaár eða Blönduvirkjun. Árið 1982 veitti iðnaðarráðherra leyfi fyrir virkjun Blöndu en gert var ráð fyrir því að Fljótsdalsvirkjun yrði næst á dagskrá ef samningar næðust um 210.000 tonn/ári álver á Keilisnesi, sem reiknað var með að hæfi rekstur á árinu 1995. Meginhluti af orku Blönduvirkjunar og orkuaukning vegna stækkunar Blöndulóns í 400 GJ myndi nýttast Keilisnesálverinu.⁶

Árið 1991 gaf iðnaðarráðherra Landsvirkjun leyfi til að hefja framkvæmdir við allt að 210 MW Fljótsdalsvirkjun með tilheyrandi vatnsveitum. Þeim framkvæmdum var hætt í vetrarbyrjun sama ár þegar Atlantsál hvarf skyndilega frá fyrirætlunum sínum um byggingu og rekstur álvers á Keilisnesi.

Þessi atvikaröð lýsir tveimur mikilvægum þáttum sem tengjast Blönduvirkjun. Í fyrsta lagi var á byggingartímanum enginn stórkaupandi að raforkunni frá Blönduvirkjun og þegar virkjunin var tekin í notkun 1991 varð til talsverð umframorka ónýtt í raforkukerfinu. Í öðru lagi var allan byggingartíma virkjunarinnar talið eðlilegt að flytja raforku landshorna á milli til að sinna nýjum stórnotendum. Þannig var reiknað með að raforka úr Blöndu, en þó fyrst og fremst Fljótsdalsvirkjun, gæti nýst álveri á Keilisnesi á Vatnsleysuströnd.

Þetta viðhorf breyttist eftir að hugmyndir Atlantsálshópsins um álver á Keilisnesi runnu út í sandinn. Ný viðhorf hverfðust um möguleika á nýtingu orkunnar nærri virkjunarstað enda væri það hagkvæmara í bæði stofnkostnaði og rekstri, auk þess sem skilningi fyrir mikilvægi byggðasjónarmiða hafði smátt og smátt vaxið fiskur um hrygg. Þetta kom m.a. fram í hugmyndum Norsk Hydro árið 1999 um álver í Reyðarfirði sem nýti raforku frá Fljótsdalsvirkjun. Síðan þá hafa langflutningar raforku til fjarlægra notkunarstaða ekki verið uppi á borðum.

Frá upphafi var náð samstarf við íbúa Austur-Húnavatnssýslu um byggingu Blönduvirkjunar. Það snerist m.a. um mat á skerðingum á hlunnindum landeigenda á virkjunarsvæðinu vegna tapaðs beitarsvæðis sem færi undir Blöndulón og veituskurði og vegna veiða í ám og vötnum. Landsvirkjun tók á sig að kosta uppgræðslu á allt að 3.000 ha af örfoka landi í stað þess gróðurs sem glataðist vegna miðlunarlóna og vatnsvega. Vegna góðs árangurs af uppgræðslunni varð raunsterð uppgræðslusvæðisins þó talsvert minni. Einnig var samið um gerð vegslóða um heiðarnar og brúa yfir ár til að bæta aðgengi og nýtingu á áður vannýttum beitarsvæðum. Þá var samið um bætur fyrir skerðingu á veiði í heiðavötnum og í Blöndu, m.a. með gerð fiskistiga sem myndu greiða fyrir fiskgengd upp ána og stækka hrygningarsvæðið ofan Gilsár.

⁶ Greinargeð Landsvirkjunar um rafmagnssölu til Atlantsáls, mars 1991. Fylgiskjal III. með skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis um álver á Keilisnesi (mynd 1), þingskjal 842, 449. mál löggjafarþings 1990-1991.



Mynd 19. Stöðvarhúshvelfing Blönduvirkjunar.

Ljóst er að áhrif mótvægisáðgerða vegna tapaðs beitolands og áhrifa á fiskgengd og veiðar skiluðu tilsettum árangri. Einnig hafa umtalsverðar vegabætur, sem fylgdu virkjuninni, skipt miklu fyrir ferðamennsku, einkum ferðir yfir Kjöl. Áhrif Blönduvirkjunar á atvinnulíf og samfélag urðu aftur á móti minni en vonast var til. Þó verður ekki fram hjá því litið að við Blönduvirkjun starfa um 10 manns.

Byggðastofnun kostaði þriggja ára átaksverkefni, sem nefnt var Framtak 1991-1993. Verkefnastjóri var ráðinn og haldnir voru kynningar og námskeið til að kalla fram nýjar atvinnuskapandi hugmyndir og finna þeim farveg. Nokkur lítil fyrirtæki og verkefni urðu til en heildaráhrif á atvinnulífið voru takmörkuð.

6.2 Nýjar virkjanir á veituleiðinni frá Blöndulóni í Gilsvatn


Þegar í fyrstu áætlunum um virkjun Blöndu urðu til hugmyndir um virkjun 69 m falls á 25 km veituleið frá Blöndulóni í Gilsárlón⁷. Kostir þessa felast m.a. í því að fyrir hendi er miðlað rennsli í Blöndulóni, orkuflutningskerfi frá Blönduvirkjun, samþætting við annan rekstur virkjunarinnar og aðgengi að veituleiðinni vegna mannvirkjagerðar og reksturs.

Landsvirkjun áformar nú að reisa allt að þrjár virkjanir á veituleiðinni með uppsett afl alls um 31 MW sem mun auka orkugetu raforkukerfisins um 194 GWh/ári. Í þessu felst bygging stöðvarhúsa, gerð veitumannvirkja og stíflu, myndun lóns og gerð aðkomuvega að mannvirkjum. Fyrirhugaðar virkjanir yrðu við Kolkustíflu (Kolkuvirkjun), milli Smalatjarnar og Austara-Friðmundarvatns (Friðmundarvirkjun) og á milli þess og Gilsárlóns (Þramarvirkjun). Gert er ráð fyrir að 66 kV jarðstrengur liggi frá Kolkuvirkjun og tengi virkjanirnar við spennuvirki Blönduvirkjunar.⁸


⁷ VST, Verfræðistofa Sigurðar Thoroddsen 1975. Virkjun Blöndu II. Samanburðaráætlanir. OS-ROD-7524.

⁸ Verkís verkfræðistofa. Matsskýrsla: Virkjanir á veituleiðar Blöndu, september 2014

Í Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða frá 2013 eru virkjanir á veitusvæði Blöndu taldar meðal þeirra sem einna minnst áhrif eru taldar hafa á umhverfið. Áætlað er að um 8 ha. votlendis raskist vegna framkvæmdanna og munu jafnmargir ha af votlendi verða endurheimtir. Auk þessara virkjana á veituleiðinni er vindorkugarður við Kolkuhól á teikniborði Landsvirkjunar.



Mynd 20. Kolkuvirkjun - Friðmundarvirkjun - Prammarvirkjun



Mynd 23. Langsnið af virkjanaleiðinni

Til að virkjanir þessar verði að veruleika þarf að afla virkjunarleyfis frá Orkustofnun, skv. Raforkulögum nr. 65/2003. Framkvæmdaleyfi þarf frá Húnavatnshreppi, skv. Skipulagslögum nr. 123/2010 og byggingarleyfi frá Húnavatnshreppi, skv. lögum nr. 160/2010 um mannvirki. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands þarf að veita starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999. Þá þarf leyfi Fiskistofu til mannvirkja- og fiskvegagerðar við ár og vötn, skv. lögum nr. 61/2006 um lax og silungsveiðar.

Með Kolkuvirkjun er virkjað fallið á milli Blöndulóns og Þristiklu en fallhæðin fer eftir stöðu Blöndulóns og getur orðið allt að 17 m og uppsett afl 8 MW.

Friðmundarvirkjun nýtir fallið á milli Smalatjarnar og Austara-Friðmundarvatns. Fallhæð er 25 m og uppsett afl virkjunar 11 MW:

Prammarvirkjun nýtir fallið á milli Austara-Friðmundarvatns og Gilsárlóns sem er inntakslón Blönduvirkjunar. Fallið er 27 m og uppsett afl virkjunarinnar 12 MW.

Gert er ráð fyrir að unnið verði samtímis að byggingu virkjananna þriggja og að þær verði gangsettar á svipuðum tíma. Framkvæmdatími er áætlaður um 2 1/2 ár og mannaflaþörf er samtals um 200-250 ársverk.

Landsvirkjun hefur haft uppi áform um að reisa vindorkugarð við Kolkuhól en rannsóknir hafa sýnt að aðstæður fyrir vindorkubúskap hér á landi eru allgóðar. Þannig er nýtni tveggja vindmylla á Hafinu ofan Búrfells um 40% en á heimsvísu um 28%.⁹ Vindorka er því raunhæfur kostur með hækkanði orkuverði, auk þess sem vindorka hefur jákvæð samlegðaráhrif á móti vatnsafla. Rætt hefur verið um nýjar vindmyllur á Hafinu þar sem hver þeirra hafi 3-3,5 MW uppsett afl og að heildarfjöldi þeirra geti orðið 50-70. Ekki er vitað um áform um stærð og fjölda þeirra á Blöndusvæðinu.

Staða skipulagsvinnunnar er þannig að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum var gefið úr 30.10. 2014. Þar er sett fram eftirfarandi skilyrði: „Landsvirkjun eigi samráð við Umhverfisstofnun um endanlega legu veituskurðar frá stöðvarhúsi Prammarvirkjunar að Gilsárlóni með það að markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr skerðingu votlendis á þeirri leið.“

⁹ Landsvirkjun: Ársskýrsla 2013.

Húnavatnshreppur hefur breytt aðalskipulagi og tekið inn fyrirhugaðar skurðvirkjanir, sem samþykkt var í skipulags- og byggingarnefnd 2014. Landsvirkjun hefur enn sem komið er ekki óskað eftir framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi en það mun væntanlega ekki taka langan tíma. Samningar við landréttarhafa um töku lands undir veitumannvirki og stöðvarhús eru ekki hafnar.

Miðað við allt framageint um stöðu leyfisveitinga má ætla að unnt verði að hefja framleiðslu rafmagns frá skurðvirkjunum Blönduvirkjunar þremur og hálfu ári eftir að ákveðið er að ráðast í verkið. Það gæti ef til vill orðið á seinni hluta ársins 2018 að því tilskildu að kaupandi væri tryggður.

6.3 Flutningskerfi raforku

Landsnet áformar að reisa 220 kV háspennulínu, Blöndulínu 3, frá Blöndustöð til Akureyrar en lagning línunnar tengist áformum um styrkingu flutningskerfis raforku á Norðurlandi og er einnig áfangi í enduruppbyggingu byggðalínu um landið. Línan mun liggja frá Blönduvirkjun yfir Blöndudal á milli Eyvindarstaða og Bollastaða og þaðan upp hálsinn milli Blöndudals og Svartárdals og út hálsinn að Torfastöðum. Farið er yfir Svartárdal utan við Torfastaði í stefnu

syðst í Vatnsskarð að sveitarfélagsmörkum Skagafjarðar hjá Valabjörgum. Talið er að línan muni fullnægja flutningsþörf frá Blönduvirkjun. Þá verður einnig lagður 66 kV jarðstrengur ásamt ljósleiðara frá fyrirhugaðri Kolkustíflu í Blöndustöð.



Núverandi byggðalína á Norðurlandi mætir ekki lengur þeim kröfum sem gerðar eru til flutningskerfisins varðandi rafmagnsgæði og afhendingaröryggi og frekari álagsaukning er ekki möguleg nema að mjög takmörkuðu leyti. Því er nauðsynlegt að bæta afhendingaröryggi og auka flutningsgetu til þeirra afhendingarstaða er tengjast byggðalínunni¹⁰. Ráðgert er að framkvæmdatími byggingar háspennulínunnar sé um tvö ár og að framkvæmdir hefjist að lokinni eins árs undirbúningsvinnu eftir að ákvörðun um framkvæmdir liggur fyrir.

¹⁰ Landsnet: „Blöndulína 3 (220kV) frá Blöndustöð til Akureyrar.“ Frummatsskýrsla vegna mats á umhverfisáhrifum, mars 2012.

7.0 Tengsl við byggðastefnu stjórnvalda

Í ályktun Alþingis um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998-2001 var m.a. lögð áhersla á að „sköpuð verði skilyrði til þess að styðja sérstaklega aðgerðir á afmörkuðum svæðum þar sem veruleg röskun verður á atvinnuháttum og búsetu. Sérstaklega verði hugað að aðgerðum í byggðamálum í byggðum þar sem atvinnulíf er fábreytt og útgerð á í vök að verjast“. Þar segir einnig: „Nýjum stóriðjuverkefnum verði fundinn staður utan athafnarsvæða höfuðborgarinnar og þannig stuðlað að varanlegri fólksfjölgun og fjölbreyttara framboði atvinnutækifæra þar. Lögð verði áhersla á að staðsetja ný stóriðjuverkefni sem víðast á landinu og þeim valinn staður með tilliti til orkuþarfa þannig að bæði sé um að ræða orkufreka stóriðju í nálægð við meginorkuöflunarsvæði hennar og önnur iðjuver sem ekki eru eins orkufrek utan þeirra svæða.“

Þessi stefnumótun kom e.t.v. of seint til að hafa áhrif á notkunarstað fyrir orkuna frá Blönduvirkjun sem tók til starfa 1991. Stefnan er engu að síður mjög skýr, sem sagt sú að ný stóriðjuverkefni verði staðsett utan höfuðborgarsvæðisins, þeim verði komið fyrir sem víðast á landsbyggðinni og orkufrek stóriðja verði í nálægð við meginorkuöflunarsvæðið. Um þetta ritaði Einar K. Guðfinnsson á heimasíðu sinni á sínum tíma¹¹: „Þetta samþykkti svo Alþingi mótatkvæðalaust. Vilji löggjafans, hinna lýðræðislegu kjörnu fulltrúa þjóðarinnar er eins skýr og vera má í þessu máli. Í þessum anda hefur enda verið unnið. Uppbygging stóriðju á Austurlandi er gleggsta dæmið um það. Þeirri stefnu var fylgt í lok níunda áratugarins og við upphaf þess tíunda, að nýta orkulindir Austfjarða til stóriðjuuppbyggingar á Suðurnesjum. Þessi stefnumörkun var lögð til hliðar. Upp var tekin ný og skýr stefna - í samræmi við samþykktu byggðaáætlun - og mér er að minnsta kosti ekki kunnugt um að frá henni hafi verið horfið.“

Þessi atriði úr stefnu stjórnvalda í byggðamálum eru ekkert einsdæmi. Þau koma fyrir aftur og aftur í breyttri mynd en með sama innihaldi. Í núgildandi byggðaáætlun, sem nær til árana 2014 – 2017, er stefnt að því að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu- og þjónustu, jafna lífsskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um allt land; „Sérstök áhersla verði lögð á stuðning við svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.“ Það má ljóst vera að sú mynd, sem þarna er dregin upp af því að hvaða svæðum stuðningur eigi að beinast, á nákvæmlega við Austur-Húnavatnssýslu.




¹¹ Einar K. Guðfinnsson: „Stóriðjuuppbygging á Norðurlandi vestra“ birt á heimasíðu höfundar og í Morgunblaðinu 08.04.2005.

8.0 Sýn á framtíðarþróun atvinnulífs

8.1 Fundur í Blönduvirkjun 28. nóvember 2014

Þann 28. nóvember 2014 var haldinn fundur í Blönduvirkjun með fulltrúum úr atvinnulífi héraðsins, sveitarstjórnarmönnum og fleira fólki. Þar voru rædd sóknarfæri og líkleg atvinnuþróun í Austur-Húnavatnssýslu án nýs orkufreks iðnaðar. Í viðauka 1 er frásögn af fundinum. Eftirfarandi eru nokkur áhersluatriði:

Fiskveiðiheimildir hafa að langmestu leyti færst á færri hendur og verið seldar í burtu. Árið 2013 var landað rúmlega 14.000 tonnum af ferskum fiski í höfnum við Húnaflóa en veiðiheimildir smærri skipa þar eru aðeins um 2.750 tonn, þar af samtals á Skagaströnd og Blönduósi um 1.550 tonn. Auk þess er kvóti frystitogarans Arnars HU 1, sem skráður er á Skagaströnd, alls um 5.700 tonn en útgerðin er í eigu Fisk Seafood á Sauðárkróki.



Mynd 21. Yfirlit um landaðan fiskafla á Skagaströnd 2011-2014.

Sóknarmöguleikar svæðisins eru einkum taldir vera í sérhæfðum litlum og sveigjanlegum rekstrareiningum á sviðum sem stærrí fiskvinnslur sinna ekki. M.a. liggja möguleikar í vannýttum tegundum og sérstökum mörkuðum. Mikil þörf er fyrir nýsköpun og aukið þróunarstarf, t.d. er álitid að um 90% af örveruflóru hafsins sé óþekkt. Þá mætti tengja fiskveiðar og vinnslu við ferðamennsku og veitingastarfsemi. Markmiðið á að vera að auka verðmæti aflans, einkum með áherslu á líftækni.

Möguleikar á fiskeldi eru litlir en vegna verndunar villtra laxastofna er eldi laxfiska af eldisstofni í sjókvíum óheimil í Húnaflóa og Skagafirði innan línu sem dregin er frá Geirólfsgrúpi að Siglunesi.

Almennum iðnaði í Austur-Húnavatnssýslu hefur hrakað í takt við íbúapróun og samdrátt í umsvifum atvinnulífsins. Af sjö trésmíðaverkstæðum sem rekin voru 1980 eru aðeins tvö eftir enda byggist starfsemi í iðnaði að talsverðu leyti á þjónustu við önnur starfandi fyrirtæki. Efling iðnaðar í héraðinu myndi leiða til margföldunaráhrifa í allri iðnaðarstarfsemi og þjónustu. Iðnfyrirtæki í héraðinu telja sig vera vel í sveit sett m.t.t.

flutninga innanlands og skipaflutninga frá Sauðárkróki en bæði Samskip og Eimskip eru með reglulegar áætlanasiglingar. Ódýrara er talið að framleiða úti á landi og starfsmannavelta er lítil.

Landbúnaður hefur einkennst af því að mjólkurkvóti og framleiðsluréttur í sauðfé hefur staðið í stað og heldur minnkað í mjólkinni frá 1990. Fjós eru orðin gömul og fyrirséð að básafjós verða úrelt fyrir 2030 en dýrt er að byggja ný hjarðfjós. Búast má við að kúabúum fækki og þau stækki til að mæta vaxandi kröfum um nýjungar og hagræðingu. Staða sauðfjárræktar er betri vegna almennra landgæða og góðrar sumarbeitar á heiðum. Sauðfjárjú er betri vegna almennra landgæða og góðrar sumarbeitar á heiðum. Sauðfjárjú munu stækka og verða tæknivæddari. Hlunnindi hafa fallið í hendur annarra en bænda sem hefur neikvæð áhrif á afkomu þeirra. Ferðaþjónusta er vaxandi búhnykkur sem á eftir að vaxa enn frekar og sérhæfast. Skógrækt mun geta eflst mikið.



Þrjú sláturhús eru á Norðurlandi vestra; á Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga. Um helmingur sauðfjárslátrunar á landinu er í þessum húsum eða um 300 þúsund fjár og skiptist það nokkuð jafnt milli sláturhúsanna. Samstarf húsanna á Hvammstanga og Sauðárkróki er náið enda sami eigandi en samvinnuna má auka á milli allra þriggja, t.d. um þróunar- og markaðsstarfsemi fyrir nýjar afurðir. Frá SAH Afurðum á Blönduósi eru flutt út um 1.000 tonn af aukaafurðum á ári. Í þeim og lífrænum úrgangi eru miklir möguleikar til áframvinnslu.

Nýjar leiðir og ótal möguleikar blasa við í framleiðslu verðmætra nýrra afurða, t.d. með hagnýtingu líftækni. Nægt hráefni, þekking og efnavara er til staðar, einnig rafmagn og heitt vatn og húsnæði. Þá er útflutningshöfn innan seilingar á Sauðárkróki. Framleiðsla á léttum sérvörum er að mestu leyti óháð staðsetningu og flutningskostnaði enda góðar samgöngur til og frá héraðinu.

Ferðaþjónusta í Austur-Húnavatnssýslu er enn að stíga sín fyrstu skref og er í stöðugri mótun. Sóknarmöguleikar eru miklir en áherslan nú er einkum á kyrrð, orku og töfra, „slow trawel“ sem höfðar til vaxandi markhóps. Þær áherslur falla vel að höfuðatvinnuvegunum: landbúnaði, t.d. „beint frá býli“ og sjávarútvegi og þeim áherslum sem þegar hafa mótast í kringum menningartengda ferðamennsku. Hveravellir og hálendis-miðstöð þar mun skipta miklu máli fyrir heildarmyndina. Mikilvægt er að stýra móttöku erlendra ferðamanna meira út fyrir höfuðborgarsvæðið með því að millilandaflug verði til fleiri komustaða hér á landi.



Þekkingarsetur og menntastofnanir skipta miklu máli fyrir samfélagið allt. Hlutverk þekkingarsetra er að vera vettvangur menningar, rannsókna og upplýsingamiðlunar. Sú þekking sem verður til hjá Sjávarlíftæknifyrirtækinu BiPol á Skagaströnd, með rannsóknum á lífríki sjávarins, er mikilvæg fyrir útgerð, fiskvinnslu, ný fyrirtæki og nýsköpun. Uppbygging og rekstur Þekkingarsetursins á Blönduósi er gott dæmi um starfsemi sem byggir á sérstöðu sem styrkir samfélagið og eflir atvinnusköpun. Sérsvið setursins eru strandmenning, laxfiskar og textíll. Þá er Rannsóknasetur Háskóla Íslands til húsa á Skagaströnd. Starfsmenn þessara stofnana eru flestir hverjir vel menntaðir í sínum fræðum.

Menntunin er grundvöllur atvinnuþróunar og er nauðsynlegt að gæta sérstaklega vel að þróun verk- og tæknimenntunar sem atvinnuþróunin byggir hvað mest á. Til þess þarf sterka framhaldsskóla og metnaðarfullt grunnskólastarf. Þá þarf símenntun og fullorðinsfræðsla að vera aðgengileg og eftirsóknarverð.

8.2 Umfjöllun um sýn á framtíðarþróun atvinnulífsins

Miðað við þróun síðustu ára má búast við að íbúum í Austur-Húnavatnssýslu haldi áfram að fækka og sú stöðnun sem einkennir atvinnulíf og vinnumarkað verði viðvarandi. Hætt er við að það geti leitt til þess að samfélagið verði ekki að öllu leyti sjálfbært en í því felst að íbúarnir þurfa að sækja ýmsa þjónustu út fyrir svæðið sem þar er fánleg nú. Augljóst dæmi um þetta er að með fækkandi nemendafjölda í grunnskólum vex þrýstingur á að fækka skólum með sameiningu. Framboð á opinberri þjónustu og þjónusta einkaaðila



getur dregist saman með minnkandi eftirspurn sem fylgir fækkandi viðskiptavinum. Þetta hefur víða gerst með hagræðingu í heilbrigðisþjónustu, lokun verslana, bankaútibúa og pósthúsa.

Samdráttur leiðir einnig oft til þess að meðalaldur íbúa hækkar og ungt fólk flytur á brott. Með hækkandi meðalaldri lækka tekjur sveitarfélaga sem leiðir til enn

frekari samdráttar í þjónustu. Þá mun aukin tækniþróun og þörf fyrir aukna framleiðni, t.d. í landbúnaði, líklega leiða til sameiningar og fækkunar framleiðslueininga.

Á framangreindum fundi komu fram áhugaverðar hugmyndir um þróun atvinnulífs í Austur-Húnavatnssýslu sem gætu orðið til mótvægis við frekari fólksfækkun. Sem dæmi má nefna sóknarfæri í ferðaþjónustu, sem m.a. tengjast „slow travel“ ferðamennsku og nýsköpun í líftækni sem tengist sjávarútvegi og landbúnaði. Það er flestum ljóst að leggja verður áherslu á þessar nýsköpunarhugmyndir en það dugar sennilega ekki til að samfélagið nái að vaxa eins og þörf er á.



Fram kom að markmið samfélagsins þyrfti að vera að íbúafjöldi í Austur-Húnavatnssýslu verði kominn í 3.000 fyrir árið 2030. Til þess að svo verði þarf að skapa aðstæður fyrir stóra vinnustaði í héraðinu sem sæktust eftir raforku og öðrum kostum sem héraðið hefur upp á að bjóða.

Samkeppnisstaða Austur-Húnavatnssýslu gagnvart höfuðborgarsvæðinu um fólk og fjármagn til atvinnusköpunar er frekar veik.

Fjölbreyttari tækifæri eru á höfuðborgarsvæðinu til náms og starfa, þar er meira framboð á þjónustu, menningu og afþreyingu svo á brattann er að sækja sem vinna þarf á með áherslum sem byggja á styrkleikum svæðisins.

Til að þróunin framundan verði héraðinu hagfelld þarf að fara nýjar leiðir. Framundan er stækkun Blönduvirkjunar. Um er að ræða þrjár rennslisvirkjanir í aðrennslisveitu virkjunarinnar á Auðkúluheiði og hugsanlegan vindmyllugarð við Kolkuhól. Uppsett afl gæti orðið um eða yfir helmingur af núverandi uppsettu afli í Blönduvirkjun þegar upp er staðið. Um Blönduvirkjun er fjallað síðar.

Ljóst er að eftirspurn eftir endurnýjanlegri orku fer vaxandi og mun aukin orkuframleiðsla í Blönduvirkjun verða eftirsótt af fjárfestum. Raforka Blönduvirkjunar er auk þess strand í héraðinu þar sem flutningskerfið annar ekki viðbótinni á meðan ný háspennulína til Akureyrar fæst ekki lögð vegna ágreinings við landeigendur. Þennan tvöfalda




vanda má leysa með því að nýta orkuna í héraði, eins og eðlileg og viðurkennd krafa er um.


Sá augljósi og gagnkvæmi ávinningur sem af nýtingu orku í heimahéraði hlýst er nú alls staðar viðurkenndur sem meginregla í samskiptum orkufyrirtækis og heimamanna. Því má draga þá ályktun að svo verði einnig um raforku sem framleidd er í Blönduvirkjun. Þessi nýtingarmáti er ekki aðeins stærsta tækifæri héraðsins að snúa hraðfara hnignun í sókn heldur raunhæfasta leiðin til þess að laða til sín fjármagn og atgerfisfólk. Lausnin á aðsteðjandi vanda byggist á þessu.

Viðauki 1: Íbúaþróun 1998-2014

Í þessari samantekt er yfirlit um íbúaþróun í sveitarfélögum Austur-Húnavatnssýslu á 16 ára tímabili frá 1998 til 2014 að báðum árum meðtöldum. Á tímabilinu fjölgaði íbúum landsins um 19,6% úr 272.352 í 325.636. Í Austur-Húnavatnssýslu fækkaði þeim aftur á móti um 18,1% úr 2.304 í 1.886, sem er talsvert meiri fólksfækkun en varð á Norðurlandi vestra þar sem íbúafækkunin varð 12,2%. Körlum og konum fækkaði álíka mikið en karlar eru talsvert fleiri en konur. Árið 2014 voru íbúar Austur-Húnavatnssýslu rúmlega fjórðungur af íbúum landshlutans eða 26%. Í þessari íbúaþróun í Austur-Húnavatnssýslu er sérstakt umhugsunarefni að í yngsta aldurhópnum, upp að 18 ára aldri, hefur fækkað um 28,4% á þessu tímabili.




Mynd 22. Fækkun í búa í Austur-Húnavatnssýslu var 18,1%.




Mynd 23. Fækkun yngstu kynslóðarinnar upp að 18 ára aldri var 28,4%.

Á Blönduósi hefur íbúum fækkað um 15% á tímabilinu. Konum hefur fækkað meira en körlum eða um 17,3% á móti 12,8% hjá körlum.




Mynd 24. Íbúaþróun á Blönduósi 1998-2014.

Í Húnavatnshreppi hefur íbúum fækkað um 25,4% á tímabilinu. Konum hefur fækkað minna en körlum eða um 21,3% á móti 28,6% hjá körlum. Hér hefur fækkun kynja snúist við á milli þéttbýlis og dreifbýlis, þar sem í dreifbýlinu við Blönduós fækkar konum minna en körlum.




Mynd 25. Íbúaþróun í Húnavatnshreppi 1998-2014.

Í Sveitarfélaginu Skagaströnd hefur íbúum fækkað um 20,7% á tímabilinu. Mest var fækkunin á árunum 2003 til 2007. Konum hefur fækkað meira en körlum eða um 23,4% á móti 18,1% hjá körlum.



Mynd 26. Íbúaþróun í Sveitarfélaginu Skagaströnd 1998-2014.

Í Skagabyggð hefur íbúum fjölgað lítillega á tímabilinu eða um 7,7%. Hæg sveifla upp og niður hefur verið í íbúafjöldanum á tímabilinu og flestir urðu þeir 106. Körlum fækkaði um 7,3% en konum fjölgaði um 30,6%.



Mynd 27. Íbúaþróun í Skagabyggð 1998-2014.

Fækkun í röðum yngstu kynslóðarinnar upp að 11 ára aldri er minnst á Blönduósi 12,4% og minni en fækkun í heildaríbúatölu (15%). Í Húnavatnshreppi var fækkunin 59,8%, í Sveitarfélaginu Skagaströnd 42,5% og í Skagabyggð 23,1%.

Viðauki 2: Fundur í Blönduvirkjun 28. nóvember 2014

Dagskrá:

Setning fundarins og tilgangur hans: Arnar Þór Sævarsson

Inngangserindi:

1. Byggðaðpróun í Austur-Húnavatnssýslu: Snorri Björn Sigurðsson
2. Sjávarútvegur og rannsóknir: Halldór G. Ólafsson
3. Iðnaður: Jakob Jónsson
4. Landbúnaður: Vignir Sveinsson
5. Landbúnaðarafurðir og úrvinnsla: Gunnar T. Halldórsson
6. Ferðaþjónusta: Dagný M. Sigmarsdóttir
7. Þekkingarsetur og safnamál: Katharina A. Schneider
8. Menntamál: Hörður Ríkharðsson.

Umræður voru eftir hvert erindi og samantekt í lok fundarins.

Þátttakendur

Adolf H. Berndsen, oddviti Sveitarfélagsins Skagastrandar

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri Blönduósi

Björn Magnússon, Hólabaki, form stjórnar SAH Afurða

Dagný M. Sigmarsdóttir, formaður Ferðamálafélags Austur-Húnavatnssýslu

Guðmundur Haukur Jakobsson, í bæjarstjórn Blönduóss

Guðmundur R. Stefánsson, stöðvarstjóri í Blönduvirkjun

Guðmundur Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Trésmiðjunnar Stíganda á Blönduósi

Gunnar Tryggvi Halldórsson, framkvæmdastjóri SAH afurða

Halldór G. Ólafsson, framkvæmdastjóri BioPol ehf. og í sveitarstjórn á Skagaströnd

Hörður Ríkharðsson, í bæjarstjórn Blönduóss

Ingibergur Guðmundsson, starfsmaður SSNV

Ingimundur Sigfússon, Þingeyrum

Jakob Jónsson, framkvæmdastjóri Léttækni ehf.

Jóhanna Magnúsdóttir, í sveitarstjórn Húnavatnshrepps, formaður Menn.ráðs Nl.v.

Katharina Schneider, framkvæmdastjóri Þekkingarsetursins á Blönduósi

Lárus B. Jónsson, framkvæmdastjóri Glaðheima og Hótel Blönduóss

Lárus Ægir Guðmundsson, Skagaströnd

Sigrún Hauksdóttir, varaoddviti Húnavatnshrepps

Snorri Björn Sigurðsson, forstöðumaður Byggðastofnun

Steindór R. Haraldsson, í sveitarstjórn á Skagaströnd

Sveinn Þorgrímsson, yfirverkfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Vignir Sveinsson, bóndi og oddviti Skagabyggðar.

FUNDARGERÐ

Fundur með heimamönnum í Austur Húnavatnssýslu Blönduvirkjun 28. nóvember 2014

kl. 12.45-16.15

Mætt: Arnar Þór Sævarsson, Halldór G. Ólafsson, Ingibergur Guðmundsson, Björn Magnússon, Lárus Ægir Guðmundsson, Dagný M. Sigmarsdóttir, Gunnar Tryggvi Halldórsson, Ingimundur Sigfússon, Steindór R. Haraldsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Guðmundur Sigurjónsson, Hörður Ríkharðsson, Vignir Sveinsson, Snorri Björn Sigurðsson, Sveinn Þorgrímsson, Katharina Schneider, Jóhanna Magnúsdóttir, Sigrún Hauksdóttir, Guðmundur R. Stefánsson, Jakob Jónsson, Adolf H. Berndsen og Lárus B. Jónsson.

1. Setning

Arnar Þór Sævarsson, formaður A-Hún. nefndarinnar, bauð fundarmenn velkomna. Hann reifaði síðan efni fundarins og vitnaði m.a. í viljayfirlýsingu milli ríkisvaldsins og fulltrúa heimamanna um uppbyggingu atvinnulífs í A-Hún. Þessi fundur væri „kick-off“ fundur með heimamönnum til að hefja þessa vinnu.

2. Erindi og umræður

a) Byggðaðpróun í A-Hún.

Snorri Björn Sigurðsson, starfsmaður Byggðastofnunar, sýndi glæru um þróun íbúafjölda í A-Hún. en þar hefur íbúum fækkað frá 1990, voru 2.500 árið 1990 en eru nú um 1800. Mikil fækkun hefur verið í Húnaþingi vestra og einnig nokkur í Skagafirði. Karlar eru umtalsvert fleiri en konur sem er einkenni um að það sé eitthvað að í samfélaginu.

Á landsvísi hefur orðið veruleg fólksfjölgun á sama tíma. Ef A-Hún. hefði haldið sínum hlut þá væru íbúarnir um 9000. Aldurssamsetningin gefur heldur ekki tilefni til bjartsýni. Ungu fólkið fer og kemur ekki aftur því að það er enga vinnu að hafa. Spurningin er hvort þetta unga fólk kærir sig um að koma aftur.

Snorri Björn telur upp ýmis fyrirtæki sem hafa lagt upp laupana síðustu 20 árin, flest stærstu fyrirtækin í sýslunni. Kvótinn er farinn í fiskvinnslunni og mjólkurkvótinn heldur ekki sínum hlut. Atvinnuleysið er lítið en meðaltekjur lágar nema á Skagaströnd.

Ýmislegt hefur þó jákvætt gerst, sundlaugin á Blönduósi, Nes listamiðstöð, BioPol o.fl. en þetta er ekki nóg. Ferðapjónustan hefur setið eftir og laxveiðin skilar tekjum til eigenda en skilur annars lítið eftir til heimamanna. Það hafi m.a. verið undarlegt að byggja veiðihús Blöndu og Svartár frammi í Langadal en ekki á Blönduósi.

Ef ekki verður að gert þá verða íbúar um 1700 eftir 20 ár, þá er gert ráð fyrir 0.5% fækkun. Þá er ekki forsenda til að reka nema einn grunnskóla í sýslunni og það leiðir líka til fækkunar starfa. Ástandið er því grafalvarlegt.

Hvað framtíðina varðar þá er aðeins tvennt til bjargar, annars vegar kraftaverk en hins vegar virkjanir í Blöndu. Með raforkuframléiðslu í væntanlegum rennslisvirkjunum þá er mikil raforka í boði. Snorri Björn telur að heimamenn eigi að krefjast þess að öll ný orka verði nýtt til uppbyggingar nýrra tækifæra í héraðinu og betra að fá fleiri og minni fyrirtæki en eitt stórt. Ef það tækist að byggja upp 300 manna iðjuver þá myndi það leiða af sér um 600 önnur störf og stærstur hluti íbúafjölgunar myndi verða hér. Hann vitnar í reynsluna í S-Þing. varðandi kröfuna um nýtingu orkunnar í héraði.

Snorri Björn leggur til að kannaðar verði skoðanir ungra heimamanna sem eru í skóla, geta þeir hugsað sér að koma aftur ef vinnu er að fá, ef ekki hvað veldur því að þeir vilja ekki koma?

Könnun hefur verið gerð meðal ungs fólks í A-Hún. á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, unga fólkið taldi samfélagið gott en engin framtíðarstörf í boði. Því er nauðsynlegt að snúa þróuninni við og byggja iðjuver sem nýtir orkuna úr héraði. Þá væri raunhæft að ætla að um að 3.000 manns búi hér. Ekki sé bjóðandi að það sé hvorki búsettur læknir né tannlæknir í A-Hún..

Það eru forréttindi að fá að lifa og starfa á Íslandi og í A-Hún. Hver er sinnar gæfu smiður og gæfa Húnvetninga felst m.a. í orkunni úr Blöndu.

Umræður:

Sveinn Þorgrímsson þakkaði Snorra Birni fyrir fróðlegt erindi. Ljóst sé að innviðir samfélagsins séu mjög brothættir.

Steindór R. Haraldsson ræddi um þær miklu atvinnuháttabreytingar sem orðið hefðu upp úr 1900 en þá flutti fólk úr sveitum og í bæina. Nú sé önnur atvinnuháttabreyting í gangi með upplýsingatækninni. Hann taldi það

verðmætt að fá að búa í þessu samfélagi sem hér er en við verðum að komast að því hver eru lágmarkin fyrir eitt samfélag.

Lárus Ægir Guðmundsson sagðist hafa það á tilfinningunni að við séum lent á þessum brotapunkti sem er kritiskur staður og spurningin hvort við séum á beinni leið niður. Hann sagði gaman að sjá hvernig sunnanverðir Vestfirðir og Þórshafnar svæðið hafa náð vopnum sínum með sjávarútvegi. Nýting orkunnar tekur hins vegar langan tíma og hann spurði hvort svæðið verði tilbúið til að taka á móti fyrirtækjunum þegar þau koma.

Adolf H. Berndsen taldi að við ættum möguleika í einhvern orkukost. Í dag er verið að tala um minni gagnaver, það sé hins vegar spurning um mannauðinn þegar það eru stöðugt færri sem draga vagninn.

b) Sjávarútvegur og rannsóknir

Halldór G. Ólafsson, framkvæmdastjóri BioPol ehf, minnti á að Húnaflóinn hefði verið lífæð sjómanna undanfarna áratugi. Hann sýndi yfirlit um landanir við Húnaflóa árið 2013, alls rúm 14 þúsund tonn en kvótageignin er aðeins aðeins 2.750 tonn, auk kvóta frystitogarans Arnars. Þá ræddi hann þróunina á undanföllum áratugum, við höfum lært að við þurfum að stjórna veiðunum. Hins vegar sé allt að breytast, fisktegundir birtast og hverfa og lykilorðið sé sjálfbærni.

Halldór taldi framtíðina ekkert sérstaklega bjarta, kvótinn færir áfram á færri hendur. Hann vitnar í Ragnar Árnason hagfræðiprófessor sem segir að sérúrræði í sjávarútvegi kosti samfélagið 4,1 milljarð og ef ekki væri sjávarútvegur þá væru lífskjör lakari um 15-25%. Hvað gerist ef menn fá nýtingarrétt til 20-30 ára? Nútíma fiskvinnsluaðferðir eru dýrar og krefjandi og þróunin er úr frystum afurðum í ferskar. Gamli tíminn kemur ekki til baka, ekki er mögulegt að tala um minni fiskvinnslur því alvöru fiskvinnslueiningar þurfa 7-10 þúsund tonn. Þróun sjófrystingar hefur gengið í bylgjum og hún er á útleið því nýting sé betri í landi. Hins vegar eru laun lægri. Nú eru það færri skip sem sækja sama magn.

Halldór ræddi síðan um fiskeldi og sýndi kort yfir svæði þar sem eldi laxfiska er bannað, þ.á.m. er Húnaflóinn. Sváfum við á verðinum eða er það Orri Vigfússon sem ræður? Hvað er þá til ráða?

Matvælavinnsla, litlar, sveigjanlegar og sérhæfðar rekstrareiningar sem þeir stóru hafa ekki áhuga á. Forvinnsla afurða fyrir stærri aðila, hugsanlega 10-15 manna vinnustaðir. Hér vantar okkur framkvæmdaaðila með víðtæka reynslu innan greinarinnar, ekki síst í markaðsmálum. Við erum fljót að týna niður þekkingu.

Halldór sýndi lista yfir vannýttar tegundir; skeldýr, skrápdyr, krabbar og þörungar. Nauðsyn væri að auka þekkingu alls staðar.

Það er mikil þörf fyrir nýsköpun og þróunarstarf, færa sig upp vinnslustigann frá hráefnum og jafnvel upp í lyf. Til eru alls konar líftæknifyrirtæki, þar þarf sérhæft og vel menntað starfsfólk og fjárfesta með þolinmótt fjármagn.

Halldór taldi ekki líklegt að gamla „gullöldin“ kæmi aftur, það þarf þekkingu, mannauð, viljann og fjármagn. Rannsóknir og þekking væru forsenda árangurs.

Umræður:

Adolf H. Berndsen sagði breytingarnar augljósar og taldi mikilvægt að strandbærir fái hlutdeild í veiðigjöldum. Þá þurfi að skapa sérstöðu.

c) Iðnaður

Jakob Jónsson, framkvæmdastjóri Léttitækni, lýsti yfir ánægju sinn með þennan fund. Hann sagði iðnaði á svæðinu hafa hrakað og það væri í takt við íbúáþróun. Hér voru sjö trésmíðaverkstæði um 1980 í héraðinu og þá voru fyrirtækin að þjónusta hvort annað, landbúnaðinn og sjávarútveginn. Við þurfum að horfa bjartsýn til framtíðar því ekki er hægt að byggja á fortíðinni. Hér vantar vinnustað þar sem vinna um 50-100 manns í hálaunuðum störfum. Ekki að setja inn álver með 500 manns.

Jakob sagði Léttitækni vera að selja Werner Holding í Keflavík mikið af vörum. Það er ekki álver heldur vinnustaður sem hefur stækkað smátt og smátt, WH tvöfaldar sig á hverju ári. Við þurfum betur launuð störf en þurfum líka að stíga varlega til jarðar því annars missa fyrirtækin starfskrafta sem þau hafa þjálfað upp og það er ekki gott.

Léttitækni framleiðir vöru og selur hana svo burtu, 95% framleiðslunnar er unnin í heimahéraði en 2,5% velta í héraði. Fyrirtækið er vel í sveit sett varðandi flutninga og það eru margir þætti sem spila inn í að það er ódýrara að framleiða á landsbyggðinni, m.a. ódýrara húsnæði og „stabíll“ starfskraftur.

Umræður:

Sveinn Þorgrímsson spyr Jakob hvort hann sjái leiðir til að laða fyrirtæki hingað.

Jakob Jónsson, til þess þarf góða innviði og atvinnu í boði. Iðngarðar hafa gengið vel á Blönduósi og það er mikil þjónusta í kringum svona iðnstarfsemi.

Ingimundur Sigfússon, útlendingar eru hræddir við að vera ekki nálægt Reykjavík þar sem sérfræðingarnir eru. Hins vegar eru mörg önnur atriði sem mæla með þessu svæði en það er á brattann að sækja.

Arnar Þór Sævarsson, það er mikill áróður rekinn fyrir því að vera með gagnaverin á suðvesturhorninu.

d) Landbúnaður

Vignir Sveinsson, bóndi og oddviti Skagabyggðar, fór yfir stöðu mála í landbúnaði í sýslunni.

Neikvæða hliðin. Það er minnkandi mjólkurframleiðsla, fjós eru að verða ansi fullorðin á þessu svæði, básafjós detta út um 2030. Hins vegar er sauðfjárrækt býsna sterk, mikið landrými og þau bú munu stækka heldur en hitt og fara meira út í tæknivæðingu. Vignir hefur áhyggjur af uppkaupum hlunnindajarða því í þær sækja menn sem ekki ætla í búskap, þá er lítil rekstur á býlunum. Ferðaþjónusta er vaxandi grein hjá bændum og þar er mikill óplægður akur. Í jarðrækt gætu ný yrki skapað ný tækifæri, einnig er stöðug þróun í skógrækt í héraðinu, meiri kraftur en áður og árangur farinn að sjást.

Hvað framtíðina varðar taldi Vignir að hefðbundnu búin yrðu færri en stærri, aukin tæknivæðing væri í spilunum og meira yrði farið út í fyrirtækjarekstur. Hins vegar er erfið fjármögnun stóri þátturinn sem vegur langþyngst, það vantar þolinmótt fjármagn því veltan er hæg.

Umræður:

Jóhanna Magnúsdóttir sagði erfitt að yngja upp þessa stétt því fólk menntar sig í burtu. Þá er fjármagnið heldur ekki til staðar. Möguleiki er á sambylí bændu og tækifærin eru mörg.

Snorri Björn Sigurðsson benti á að meðalaldur bændu í A-Hún. árið 2010 væri yfir 50 ár.

Ýmsir: Rætt um þróunina næstu 20 ár, hvort sóknarfæri séu í landbúnaði, hvort styrkjum til landbúnaðar sé betur varið á annan hátt en nú er, hrossarækt er lífsstíll og miklir peningar þar í gangi, heimurinn hrópar á matvæli, hvað með markaðssetningu, lífrænt lambakjöt, skyrframleiðslu o.fl. Hægt er að framleiða góða vöru en erfiðara að markaðssetja hana. Hvert land verndar sinn landbúnað, rætt um ylækt, að nýta orkuna heima fyrir.

Jakob Jónsson: Stóri galdurinn er að selja vöruna á því verði sem þú þarft að fá fyrir hana.

e) SAH Afurðir og úrvinnsla afurða

Gunnar Tryggvi Halldórsson, framkvæmdastjóri SAH Afurða, benti á að A-Hún. væri landbúnaðarhérað. SAH Afurðir eru með sláturhús og kjötvinnslu, hér er bæði innanlandssala og útflutningur, þá er áframhaldandi vinnsla í gangi en markaðsverð veitir ekki mikil tækifæri.

Flutt eru út 1000 tonn af aukaafurðum í stað urðunar, þar eru möguleikar á meiri vinnslu og þar með auknum verðmætum með þetta gríðarlega magn. Húsnæðið er til staðar og þetta eru tækifæri næstu ára.

Hvað þarf til að vinna aukaafurðir? Nægt hráefni er á svæðinu og í nágrenni, þekkingin og efnavaran til staðar, einnig rafmagn og heitt vatn, húsnæðið til staðar og vöruflutningar og útflutningshöfn aðeins í 45 km fjarlægð, mikill sparnaður í flutningskostnaði.

Úrgangur er vandamál, sérstaklega lífrænn, 2400 tonn á tveimur mánuðum. Erlendis er unnið úr þessum úrgangi og hann settur t.d. í mjólkframleiðslu, molta-melta-beinamjól. A-Hún. er miðsvæðis og við verðum að nota tækifærið og búa til nýja vöru.

Þróun í matarmenningu er hröð og kallar á þróun í matvælaíðnaði, mesti vöxturinn er í tilbúnum réttum, hráefnið er til staðar á svæðinu, ónotað húsnæði fyrir hendi, aðeins vantar kraft og samvinnu. Samvinna sláturhúsanna þriggja er lítil og úr því þarf að bæta.

Umræður:

Arnar Þór Sævarsson, fór stuttlega yfir stöðu mála í framleiðslu á biodisel.

f) Ferðaþjónusta

Dagný M. Sigmarsdóttir, formaður Ferðamálafélags A-Hún., sagði 20 ár ekki langan tíma. Ferðaþjónustan í A-Hún. er ekki komin eins langt og aðrir landshlutar en við erum að vinna saman. Um 40 manns eru í félaginu.

Hvernig ferðaþjónustu viljum við? Viljum við fjölda eða kyrrð, orku og töfra? Dagný taldi að í nánustu framtíð verður A-Hún. einkennissvæði þeirra sem kjósa slow travel, þeir ferðamenn eru betur borgandi, A-Hún.

er landbúnaðar- og sjávarútvegshérað og hentar vel slow travel. Hestaferðir, gönguferðir, bátaferðir og heilsuferðamennska. Áherslan er á að njóta en ekki þjóta og við erum farin að huga að því að stefna í þessa átt.

En hvernig ætlum við að komast þangað? Til þess þarf að lokka að fjármagn. Við megum heldur ekki gleyma því sem fyrir er, við þurfum að efla þá sem eru nú þegar í business.

Það er ekki gott að með Keflavíkurflugvelli eru stjórnvöld m.a. að stýra ferðaþjónustunni á Suðvesturlandið, það þarf millilandaflugvöll á fleiri stöðum. Hún benti á að ferðaþjónustan hér er ennþá árstíðabundin, hún þarf að lengjast og við þurfum að vinna saman.

Umræður:

Jakob Jónsson benti á að ferðaþjónusta getur verið á marga vegu og tók Stakkavík í Grindavík sem dæmi þar sem ferðamenn skoða fiskvinnsluna.

Guðmundur R. Stefánsson, 5-600 ferðamenn sækja Blönduvirkjun heim á ári, það má heldur ekki gleyma Hveravöllum í þessari umræðu.

g) Þekkingarsetur og safnamál

Katharina A. Schneider, framkvæmdastjóri Þekkingarsetursins á Blönduósi, kynnti stofnun og starfsemi Þekkingarsetursins en þar eru 5 starfsmenn í 3,75 stöðugildum. Hún fór yfir helstu verkefni árána 2012-2014, ræddi um uppbyggingu textíllistamiðstöðvar og framtíðarsýn. Sérsvið setursins eru strandmenning, laxfiskar og textíll.

Þá horfði Katharina til framtíðar, minna flækjustig væri æskilegt og minni dreifing safna og setra, ekki 17 litlar einingar. Í A-Hún. eru 5 bókasöfn sem kemur í veg fyrir fagmennsku. Hér væri um háskólamenntuð störf að ræða og ekki vinsælt að vinna 50% starf, illa farið með orku einstaklinga, menntun og þekkingu. Hún sagði framtíð bókasafna bjarta ef horft væri til útlanda, meiri samræming og sameining þar sem það á við, færri stofnanir en sterkari. Mikilvægt væri að koma sýningum, söfnum og setrum undir einn hatt. Auðveldara er að stofna setur en erfiðara að reka, betra að vera með eitt stórt safn og gera það með glans.

Katharina taldi að eftir 20 ár væri starfsemin í Kvennaskólanum öflug á sviði menningar og rannsókna, bókasafnið væri upplýsingamiðstöð og eitt safnakort væri fyrir sýningar á svæðinu.

Umræður:

Ýmsir: Rætt um flækjustig, allir halda fast um sitt, ekki er verið að ýta neinu út heldur þarf sterkari einingar. Á Blönduósi eru fjögur setur. Bent á að fólk er alltaf að vernda sitt og telur að aðrir séu að taka frá sér.

h) Menntamál

Hörður Ríkhartsson, kennari, benti á að aðgengi að menntun hafi stóraukist og fleiri fara í háskólanám en áður. Nú er nám án búferlaflutninga mögulegt sem er mikill kostur. Norðurland vestra er undir landsmeðaltali í menntun og skólarnir þurfa að aðlaga sig að atvinnulífnum Hann spyr hvort við höfum stefnu um háskólamenntun, með fjölgun framhaldsskóla og auknu fjarnámi eykst hins vegar rekstrarvandi skólanna.

Hvað varðar fullorðinsfræðslu þá eigum við aðgang að Farskóla Norðurlands vestra og atvinnulífið gæti nýtt hann miklu betur. Hér vantar iðn- og tæknimenntað fólk en bóknámið er ofmetið. Til eru margar vel búnar verknámsdeildir en nemendurnar vantar. Hörður bendir á að okkur liggur minna á Íslendingum en erlendis að ljúka námi, þetta sé íslenskur kúltúr. Nemendur hafa t.d. meiri áhuga á skapandi greinum.

Að lokum benti Hörður á að nemendum í A-Hún. hefur fækkað á 20 árum úr 400 í 275.

Umræður:

Ýmsir: Nokkur umræða varð um gildi og kúltúr menningar og afleiðingar fyrir samfélagið.

3. Kaffi og fundarlok

Að erindum og umræðum loknum var fundarmönnum boðið í kaffi. Þar þakkaði Arnar Þór Sævarsson fyrir góð erindi og umræður og sleit síðan fundi.

Ingibergur Guðmundsson og Sigrún Hauksdóttir
Fundarritarar

Viðauki 3: Iðnfyrirtæki í Austur-Húnavatnssýslu

Blönduós

SAH Afurðir - www.sahun.is

Sláturhús og kjötvinnsla. Þar er um 100 þúsund sauðfjár slátrað ár hvert, auk nautgripa og hrossa. Að jafnaði eru um 40 starfsmenn en fjölgar í 140 í sláturtíð á haustin.

Léttitækni - www.lettitaekni.is

Léttitækni er leiðandi fyrirtæki í þjónustu, ráðgjöf, framleiðslu og sölu á léttitækjum (Indoor Material Handling) á Íslandi. Starfsmenn eru 7.

Trésmiðjan Stígandi - www.stigandihf.is

Trésmiðjan Stígandi hefur áratuga reynslu af smíði, bæði innan- og utanhúss. Fyrirtækið hefur tekið að sér mörg stærri verkefni og hefur á að skipa reyndum starfsmönnum. Fyrirtækið hefur einnig sérhæfingu í smíði innréttinga. Um 10 manns starfa hjá fyrirtækinu.

Vilko/Prima - www.vilko.is

Vilko sér hæfir sig í því að framleiða pakkavörur þar sem aðeins þarf að bæta við vatni í vöruna svo hún sé tilbúin til notkunar. Má þar m.a. nefna sætsúpur, vöfludeig, pönnukökudeig og pizzubotna. Þá framleiðir fyrirtækið um 60 tegundir af kryddi, undir vörumerkinu Prima, til matargerðar og baksturs. Starfsmenn eru 7.

Ístex ullarþvottastöð - www.istex.is

Fyrirtækið sér um þvott á nánast allri ull af sauðfé sem fellur til á Íslandi eða um 1.000 tonn á ári. Þaðan er ullin flutt til Mosfellsbæjar þar sem band er spunnid úr henni. Starfsmenn eru 7.

Ísgel - www.isgel.is

Fyrirtækið Ísgel framleiðir m.a. gelmottur fyrir matvæla- og fiskútflutningsfyrirtæki, kæli- og hitagelbakstra til að draga úr verkjum og bólgum og frystipoka fyrir útivistarfólk og rannsóknarstofnanir. Starfsmenn eru 6.

Rafmagnsverkstæðið Átak - https://is-is.facebook.com/rafatakehlf/info?tab=page_info

Átak sinnir alhliða þjónustu á sviði raflagna, viðgerða, hönnunar o.fl. Starfsmenn eru 4.

Tengill rafmagnsverkstæði - www.tengillehf.is

Tengill sinnir alhliða þjónustu á sviði raflagna, ljósleiðara og tölvuviðgerða. Starfsmenn eru 4.

N1 Píparinn

N1 píparinn tekur að sér alhliða pípulagnir, viðgerðir og viðhald. Einnig er þar rekin vélsmiðja, dekkjaverkstæði, smurstöð og framleiðsla og smíði á kerrum. Starfsmenn eru 12.

Bifreiðaverkstæði

Á Blönduósi eru tvö alhliða bifreiðaverkstæði sem sinna almennri þjónustu við bifreiðar; *Bílaverkstæði Óla* og *Bifreiðaverkstæði Blönduóss*.

Skagaströnd

Vélaverkstæði Skagastrandar

Verkstæðið hefur í áratugi verið helsti þjónustuaðilinn við sjávarútveg við Húnaflóa. Auk þess sinnir verkstæði almennri þjónustu svo sem bílaviðgerðum og pípulögnum. Á undanförunum árum hefur fyrirtækið þróað, framleitt og selt vettlingaþurrkara. Starfsmenn eru 8.

Rafmagnsverkstæðið Neistinn - <http://www.simnet.is/neistinn/>

Neistinn sér um alhliða rafmagnsþjónustu. Starfsmenn eru 2.

Trésmiðja Helga Gunnarssonar

Trésmiðjan sinnir allri almennri smíðavinnu innan- og utanhúss. Starfsmenn eru 8.

Toppnet netaverkstæði

- <http://toppnet.123.is/>

Toppnet annast alla almenna netagerðarþjónustu við skipaflotann. Starfsmenn eru 2.

MarIce

Fyrirtækið framleiðir bragðefni til súpugerðar. Starfsmenn eru 3.

Dimension of Sound

- <https://is-is.facebook.com/dimensionofsoundDOS>

Fyrirtækið framleiðir hátalarakerfi af öllum stærðum og gerðum. Starfsmenn eru 3.

Saumastofan Íris

- www.irisehf.is

Saumastofan framleiðir fatnað fyrir atvinnulífið, s.s. heilbrigðisþjónustu, matvælavinnslu og fiskvinnslu. Starfsmenn eru 3.

Verkstæði Slavko Velemir

Fyrirtækið tekur að sér almenna trésmíði, viðgerðir og nýsmíði. Auk þess eru smíðaðir hlutir úr trefjaplasi. Starfsmenn 2.

Húnavatnshreppur

Trésmiðjan Húsherji

Fyrirtækið tekur að sér alla almenna smíðavinnu, utan- og innanhúss. Starfsmenn eru 3.

Saumastofan Þing

Fyrirtækið saumar ullarpeysur, ullarhúfur og púðaver. Starfsmenn eru 3.

Lagður

- <http://www.lagdur.is/>

Fyrirtækið framleiðir púðaver með ljósmyndum úr náttúru Íslands. Starfsmenn eru 2.